

ÁR 1913, þriðjudaginn 1. júlí, var hið 24. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík.

Þingmenn komn saman í alþingishúsinu kl. 12 á hádegi og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Steig 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sjera Kristinn Danielsson, prófastur í Kjálarnessþingi, í stólinn og lagði útaf Matth. 12. kap. 31.—32. versí.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til alþingishússins til fundarsals neðri deildar.

Þá las ráðherra upp eftirfarandi konungserindi:

**Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg**

*Gjörir kunnugt:*

*Vjer viljum hjer með veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja alþingi það, sem koma á saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 1. júlí næstkomandi.*

*Gefið á Amaluborg 28. maí 1913.*

*Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.*

**Christian R.**

*(L. S.) H. Hafstein.*

Einnig mælti ráðherra, að síðast er hann hefði kvatt Hans Hátign við burtför sína til Íslands, hefði hann beðið sig að bera alþingi sína konunglegu kveðju.

Lýsti hann því síðan yfir, að *alþingi Íslendinga væri sett.*

Stóð þá upp Sigurður Stefánsson, þingmaður Ísafjk. og mælti:

*Lengi lifi konungur vor, Cristian hinn Tíundi,* og tóku þingmenn undir það með niföldu húrra.

Gekk þá elzti þingmaður, Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., til forsetasætis og stýrði kosningu.

Þessir þingmenn voru mættir:

Benedikt Sveinsson, þm. N-Þing.,

Bjarni Jónsson, þm. Dalamanna,

Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.,

Björn Þorláksson, 5. kgk. þm.,

Eggert Pálsson, 2. þm. Rang.,

Einar Jónsson, 1. þm. Rang.,

Einar Jónsson, 2. þm. N.-Múl.,

Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.,

Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.,

Guðmundur Björnsson, 6. kgk. þm.,

Guðmundur Eggerz, 2. þm. S.-Múl.,

Hákon Kristoffersson, þm. Barðstr.,

Halldór Steinsson, þm. Snæf.,

Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.,

Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.,

Jón Jónatansson, 2. þm. Árn.,

Jón Jónsson, 2. þm. Rvík.,

Jón Magnússon, þm. Vestm.,

Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Múl.,

Jósef Björnsson, 2. þm. Skfj.,

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.,

Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.,

Kristján Jónsson, þm. Borgf.,

Lárus H. Bjarnason, 1. þm. Rvík.,

Magnús Andrjesson, þm. Mýram.,

Magnús Kristjánsson, þm. Ak.,

Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.,  
 Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.,  
 Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.,  
 Sigurður Eggerz, þm. V.-Skaftf.,  
 Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Arn.,  
 Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf.,  
 Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.,  
 Steingrímur Jónsson, 3. kgk. þm.,  
 Stefán Stefánsson, 4. kgk. þm.,  
 Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,  
 Tryggvi Bjarnason, 2. þm. Húnv.,  
 Valtýr Guðmundsson, þm. Seyðf.,  
 Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.,  
 Þorleifur Jónsson, þm. A.-Skaft.,

Nýkjörnir voru þessir 5. þm.:

Kristinn Danielsson,  
 Guðmundur Björnsson,  
 Hákon Kristoffersson,  
 Guðmundur Eggerz og  
 Magnús Kristjánsson,

og þurfti að rannsaka kjörbrjef þeirra.  
 Til þess starfa skiftu þingmenn sjer í 3  
 deildir, og voru í

1. deild:

Guðmundur Björnsson,  
 Guðmundur Eggerz,  
 Hákon Kristoffersson,  
 Halldór Steinsson,  
 Hannes Hafstein,  
 Jóhannes Jóhannesson,  
 Jón Jónatansson,  
 Jón Jónsson,  
 Jón Magnússon,  
 Jón Ólafsson,  
 Sigurður Sigurðsson,  
 Sigurður Stefánsson,  
 Þórarinn Jónsson.

2. deild:

Benedikt Sveinsson,  
 Bjarni Jónsson,  
 Björn Kristjánsson,  
 Björn Þorláksson,  
 Eggert Pálsson,  
 Einar Jónsson, þm. Rang.  
 Einar Jónsson, þm. N.-Múl.,  
 Eiríkur Briem,

Guðjón Guðlaugsson,  
 Pjetur Jónsson,  
 Sigurður Eggerz,  
 Steingrímur Jónsson,  
 Stefán Stefánsson, 4. kgk.  
 3. deild.

Jósef Björnsson,  
 Kristinn Danielsson,  
 Kristján Jónsson,  
 Lárus H. Bjarnason,  
 Magnús Andrjesson,  
 Magnús Kristjánsson,  
 Matthías Ólafsson,  
 Ólafur Briem,  
 Skúli Thoroddsen,  
 Stefán Stefánsson, þm. Eyf.,  
 Tryggvi Bjarnason,  
 Valtýr Guðmundsson,  
 Þorleifur Jónsson.

Július Havsteen gegndi forsetastörfum  
 og tók því ekki þátt í starfi kjördeildanna.

Fyrsta og önnur kjördeild gengu síðan  
 burtu úr salnum til starfa sinna, og var  
 fundi frestað á meðan, Þriðja deild hlaut  
 engin kjörbrjef til rannsóknar. Að vörmu  
 spori komu þeir aftur í salinn, og var fundi  
 þá haldið áfram.

Framsögumenn kjördeildanna skýrðu því  
 næst frá gjörðum þeirra.

**Eiríkur Briem** (frsm. 2. deildar): Önnur  
 deild hafði til meðferðar kjörbrjef þessara  
 þingmanna: Guðmundar Björnssonar,  
 6. kgk. þm., Hákonar Kristofferssonar,  
 þm. Barðstrendinga og Guðmundar Eggerz,  
 2. þm. Sunnmylinga.

Deildin hefur skoðað þessi kjörbrjef og  
 útdrætti úr kjörbókum Barðastrandarsýslu  
 og Suður-Múlasýslu og hefur ekkert við  
 það að athuga. Þess skal þó getið, að  
 það höfðu skaddast dálítið 2 innsigli á at-  
 kvæðakössum úr 2 hreppum í Suður-Múla-  
 sýslu, af því að óvita börn hafa komið  
 þar að, en innsigliin fyrir lyklunum voru  
 ósködduð; yfirkjörstjórninni var það kunn-  
 ugt, og hafði hún ekkert við það að at-

**huga.** Deildin leggur því til í einu hljóði, að kosningarnar sje allar teknar gildar.

Voru kosningarnar því næst samþykta með öllum greiddum atkvæðum.

**Jóhannes Jóhannesson** (frsm. 1. deildar): Deildin hafði til meðferðar kjörbrjef þeirra Magnúasar Kristjánssonar, þm. Akureyringa og Kristins Daníelssonar, 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu, skoðaði tjeð kjörbrjef og útdrætti úr kjörbókunum og hefur ekkert við það að athuga.

Jeg legg því til fyrir deildarinnar hönd, að kosningar þessar verði teknar gildar.

Voru kosningarnar þar næst samþykta með öllum greiddum atkvæðum.

Tveir hinna nýkjörnu þingmanna, þeir Hákon Kristoffersson og Guðmundur Eggertz, höfðu eigi setið á þingi áður, og unnu þeir eið að stjórnarskránni.

Var þá kosinn forseti sameinaðs þings og hlaut kosningu *Jón Magnússon*, þm. Vestmannaeyinga með 20 atkvæðum. Lárus H. Bjarnason, 1. þm. Reykvíkinga fjekk 18 atkvæði, 2 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti tók þá þegar að gegna forsetastörfum, gekk til sætis og ávarpaði þingið svofeldum orðum:

**Jón Magnússon:** Jeg þakka háttvirtum þingmönnum fyrir þann sóma, er þeir hafa sýnt mér með þessari kosningu.

Í fyrsta skifti, er þingið kemur saman í þessum sal, er skylt að minnast 3 látinna þingmanna, er með oss voru á síðasta þingi, þeirra Jóns Jónssonar, umboðsm. frá Múla, fyrrum ráðherra Björns Jónssonar og sjera Jens prófests Pálssonar. Vjer höfðum að visu, og ekki hann sjálfur, ekki mikla von um, er vjer skildum í fyrri, að sá, er fyrst fjell frá af þessum þingmönnum, Jón Jónsson frá Múla, mundi koma aftur á þing. Fráfall hinna tveggja var óvæntara. Allir voru hinir látnu þingmenn mikilþæfir menn, allir lögðu þeir óspart fram krafta sína í þarfir fósturjarðarinnar. Að

öllum þeim er mikill söknuður þingi sem þjóð. Guð blessi minningu þeirra.

Því næst var kosinn varaforseti sameinaðs þings, og hlaut kosningu Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk. með 20 atkvæðum. Eiríkur Briem, 2. kgk. þm., fjekk 7, Lárus H. Bjarnason 2, og 10 seðlar voru auðir.

Skrifara voru kosnir Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N-Múl., með 22 atkv. og Ólafur Briem, 1. þm. Skagf., með 19 atkv. Nokkrir þingmenn fengu 1 atkv. hver og 15 seðlar voru auðir.

Þá voru þessir þingmenn kosnir í kjörbrjefanefnd:

Björn Þorláksson,  
Guðjón Guðlaugsson,  
Jóhannes Jóhannesson,  
Kristján Jónsson,  
Ólafur Briem.

Einn þingmann skyldi kjósa til að taka sæti í efri deild þingsins í stað Jens prófests Pálssonar, og hlaut kosningu Hákon Kristoffersson, þm. Barðstrendinga.

Var þá störfum sameinaðs þings lokið að sinni, og skiftust þingmenn í deildir.

## 2. fundur. Mánudaginn 14. júlí.

**Lárus H. Bjarnason:** Á dagskrá er eigi getið um, hvaða mál hv. ráðherra ætla að gefa skýrslu um, en það hefir flogið fyrir, að það sje um lotterimálið, og vil jeg spyrja hv. forseta að því, hvort það sje satt eða ekki. Sje svo, að hv. ráðherra ætli hjer að tala um lotterimálið, þá hef jeg umboð til þess, að lýsa því yfir fyrir hönd flokksbræðra minna, að þeir munu ekki hlýða á það mál hjer, vegna þess að það er komin fram fyrirspurn um það í háttv. neðri deild, og finst oss það því eitt hæfa, að fyrirspurninni sje svarað þar.

Jeg vænti svars hv. forseta um það, hvort það sje rjett, að skýrsla verði gefin um lotterimálið hjer eða ekki.

**Skúli Thoroddsen:** Jeg skal lýsa því yfir, í umboði flokks þess, er jeg heyri til, að sje skýrsla sú, er hæstv. ráðherra ætlar að gefa, um lotterimálið, þá litur flokkur sá, er jeg heyri til, svo á, sem það sje eigi rjett, að ræða það mál í sameinuðu alþingi að svo stöddu, þar sem í skýrslu-gjöf ráðherra felist þá bein tilraun til þess, að draga úr þeim áhrifum, sem neðri deild alþingis er ætlað að hafa, samkvæmt stjórnarskránni, þar sem fyrirspurn hafi þegar verið borin fram um málið í háttv. neðri deild.

Af greindum rökum munum vjer ekki hlýða á skýrslu um lotterimálið í sameinuðu alþingi í dag. —

**Ráðherra:** Mjer sýnist það liggja eins nærri, að spyrja mig um það, um hvaða mál jeg ætli að tala hjer, eins og hæstv. forseta.

Skýrsla sú, er jeg ætla að flytja hjer, er um nokkur mál, er jeg vil skýra þinginu í heild sinni frá, þar á meðal um lotterimálið. Jeg skýrði frá því í þingbyrjun, þegar jeg gaf skýrslu um fjárhag landsins, þá er fjárlagafrv. var fram lagt í N. d., að jeg mundi gefa skýrslu um það mál í sameinuðu þingi. Þetta vissi sá maður vel, er síðan gerðist flutningsmaður fyrirspurnarinnar um málið í háttv. neðri deild, og var því hreinn óþarfi að gera sjer það ómak. Það hefur aldrei verið ætlun mín, að nokkur ályktun yrði gerð hjer um þetta mál eða út af því, en ef menn óska að gera ályktun um það, þá eru nógir vegir til þess að koma málinu inn í háttv. neðri deild, jafnvel þó skýrsla þessi sje gefin hjer í dag.

**Forseti:** Jeg verð að líta svo á, að frekari umræður um þingsköpin sjeu með öllu óþarfar. Það var öllum kunnugt, að ráðherra mundi gefa þessa skýrslu hjer, og jeg tel það heimilt eftir þingsköpunum

um og segi því umræðum um þingsköpin lokið og gef ráðherra orðið.

**Valtýr Guðmundsson:** Má jeg biðja um orðið í tilefni af þingsköpunum.

**Forseti:** Jeg lýsti því yfir, að eg hefði gefið ráðherra orðið og jeg tel frekari umræður um þingsköpin óþarfar. Ráðherra hefur orðið.

**Valtýr Guðmundsson:** Með því að forseti neitar mjer um orðið, þá hef jeg ekki hjer neitt frekar að gera, svo jeg fer uf fundi.

Gengu þá af fundi þessir þingmenn:

Benedikt Sveinsson,  
Bjarni Jónsson,  
Björn Kristjánsson,  
Guðmundur Eggerz,  
Kristinn Danielsson,  
Lárus H. Bjarnason,  
Skúli Thoroddsen,  
Valtýr Guðmundsson og  
Þorleifur Jónsson,

(en fjarverandi voru þeir:

Eggert Pálsson,  
Halldór Steinsson,  
Jón Jónsson og  
Jón Ólafsson).

**Ráðherra:** Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, hefur eitt af lagafrumvörpum þeim, sem aukþingið í fyrra samþykkti, ekki verið staðfest af konunginum, og er því fallið niður samkvæmt því, er fyrir er mælt í síðustu málsgrein 10. greinar í stjórnarskrá vorri. Það er frumvarpið um stofnun peningalotteris fyrir Ísland, sem borið var upp í neðri deild af þingmanna hálfu, og skömmu fyrir þinglokin afgreitt sem lög frá alþingi.

Þegar jeg lagði stjórnarfrumvörp fram í neðri deild 2. þ. m. og skýrði frá fjárhagsástandinu, lýsti jeg því yfir, að jeg mundi skýra alþingi frá ástæðunum fyrir

því, að lotterilagafrv. er ekki staðfest, við fyrsta tækifæri í sameinuðu þingi.

Samkvæmt lotterifrv. þingsins átti landstjórnin að hafa heimild til að veita einkaleyfi til stofnunar íslenzks peningalotteris tilteknum mönnum, er aftur máttu selja það á leigu eða afhenda það hlutafjelagi. Var ákveðið, að stjórn lotterisins skyldi sitja í Kaupmannahöfn, og að þar skyldu drættir þess fram fara. Til þess að koma ekki í bága við einkarjett og hagsmuni danskra lottería var ákveðið, að eigi mætti selja seðla lotterisins í Danmörku nje nýlendum Dana, en hins vegar var heldur ekki leyfilegt að selja hluti í lotteriinu hjer á landi, að því undanskildu, að ráðherra átti að hafa heimild til að leyfa, að selja mætti á Íslandi sjálfu alt að því  $\frac{1}{50}$  hluta af leyfilegu seðlamagni lotterisins, og var þannig svo tilætlað, að lotterið aðallega, eða nær eingöngu, hefði tekjur sínar af þegnum annara ríkja, þar sem leyfishafar gætu komið seðlum sínum út. Af þessu lotterii átti að greiðast gjald til landssjóðs Íslands, er nema mundi á ári alt að 100 þús. kr. að minsta kosti, ef lotterið kæmi á stofn, eins og tilætlað var. Það var þessi mikli væntanlegi tekjuauki, sem gekk í augun á mönnum og aðallega varð þess valdandi, að frumvarpið sigldi beggja skauta byr gegnum þingið, í því trausti, að með banninu gegn sölu seðla í Danmörku væri girt fyrir það, að lögin yrðu talin riða í bág við einkarjett Klasselotterisins í Danmörku, og að það væri rjett, sem umsækendur höfðu borið fram við nefndina í N. d., að þeir hefðu vissu fyrir því, að mega reka lotterið í Khöfn, ef þeir fengju leyfi íslenzka löggjafarvaldsins, eins og frá er skýrt í álitsskjali nefndarinnar, þingskj. 144. Alp.tíð. 1912, bls., 261.

Um þetta mál voru fregnir flognar til Danmerkur löngu áður, en jeg kom til Hafnar 7. okt. f. á. til þess að leggja frumvörp alþingis fyrir konunginn, og höfðu

komið fram allmiklar mótbáruv móti því í dönskum blöðum, sem mjer voru þá ekki kunnar. Þegar jeg kom til forsætisráðherrans, Klaus Berntsens, til að heilsa honum, skýrði hann mjer þegar frá því, að danska stjórnin neyddist til að setja sig á móti því, að lotterifrv. öðlaðist staðfestingu í því formi, sem það var samþykkt hjer, af því að það kæmi í bága við dönsk lög og danska hagsmuni, og skirskotaði hann til fjármálaráðherrans og dómsmálaráðherrans, er hvor um sig hefðu mótbáruv fram að bera, hvor frá sínu sjónarmiði.

Mótbáruv dómsmálaráðherrans, Bülow, voru aðallega tvær, í fyrsta lagi, að lagafrv., þrátt fyrir bannið gegn sölu seðla í Danmörku, kæmi í bága við dönsku lögin um fyrirkomulag Klasselotterisins frá 6. mars 1869. Eftir að ákveðið hefur verið í 1. grein þeirra laga, að stjórnin skuli láta fram fara undir umsjá sinni drætti í tveimur flokkum ár hvert á þann hátt, sem þar er nánar tiltekið, stendur svo í 2. gr. laganna:

„Al anden Foranstaltning af Lotto-  
„spil her i Riget eller Kolligeren for  
„samme saavel som al Kolligeren her  
„i Landet for fremmede Lotterier eller  
„Falbydelse af disses Lodsedler, ligesom  
„Besørgelsen af dermed i Forbindelse  
„staaende Forretninger skal være for-  
„budt . . .“.

Þetta mætti þýða þannig á íslenzku:

„Allar aðrar ráðstafanir til lottóspils  
„eða kaupendasmöluv fyrir lottóspil hjer  
„í ríkinu, svo og kaupendasmöluv hjer  
„í landi fyrir útlend lotteri, eða sölu-  
„framboð á seðlum þeirra, og sömuleið-  
„is framkvæmd hvers konar starfa, sem  
„standa í sambandi við slíkt, skal vera  
„bannað“.

Dómsmálaráðherrann áleit það öldungis tvímælalaust, að þar sem eigi aðeins drættir lotterisins fyrirhugaða, heldur og öll stjórn þess og allar eða mest allar framkvæmdir og störf fyrir fjelagið settu að

fara fram í Kaupmannahöfn, firma þess því skrásetjast þar og varnarþing þess væri þar, jafnvel tryggingarsjóður þess geymdur þar, ef ráðherra Íslands ekki til-  
tæki annan stað, þá yrði því ekki neitað, að hjer væri að ræða um ráðstafanir til lottóspils í Danmörku, er kæmu beint í bága við bannið í 2. gr. fyrnefndra laga 6. mars 1869.

Önnur meginmótbára hans var sú, að í frumvarpinu væri ákveðið, að sjerstök nefnd, er konungur skipar, og sem sitja skal í Khöfn, skuli leggja fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið. En slikur fullnaðarúrskurður mundi ella bera undir dómstólana. Taldi hann það augljóst, að ekki væri unt án heimildar í dönskum lögum að setja á stofn í Khöfn sjerstaka dómsnefnd eða dómstól, og þar með draga undan valdssviði danskra dómstóla mál, sem undir þau lúta að lögum þar í landi. Slikt yrði ekki gert með íslenskum lögum.

Fjármálaráðherrann Neergaard, sem er oss að góðu einu kunnur, og oft hefur verið oss Íslendingum vel, bæði er um sambandsmálið hefur verið að ræða og um lánaútveganir oss til handa, ljet í ljósi, að hvernig sem litíð væri á lögfræðismótbárur dómsmálaráðherrans, er hann þó taldi á rökum bygðar, þá neyddust Danir samt til að setja sig á móti því, að Khöfn væri notuð sem heimili og verkstæði nýs lotterifyrirtækis, sem hefur það markmið að ná útbreiðslu sínni í öðrum ríkjum; hvað sem lotterið hjeti, mundi það út á við verða skoðað sem danskt lotteri, sem Danmörk hefði veg og vanda af. Hverja skoðun sem menn hefðu á þeirri fjármála-  
pólitik, að afla ríkissjóði tekna með því að efna til áhættuspila, væri eitt sameiginlegt öllum löndum, að hafa hinn megnasta ýmugust á því, að fje væri dregið út úr landinu með útlendum lotterigyllum,

enda væri það víða bannað með lögum. Danmörk hefði haft og hefði æ meiri og meiri ógagn og örðugleika út á við af lotteríunum, sem þar eru, ekki þó mjög af Klasselotteriinu, sem ekkert gerir til að koma seðlum sínum út í útlöndum og hefur mestan markað sinn inni í landinu sjálfu, heldur sjerstaklega og aðallega af hinu svonefnda Koloniallotteríi, sem hið fyrirhugaða íslenska lotteri sjerstaklega var sniðið eftir.

Eins og menn vita, var það lotteri stofnað árið 1904 og átti að vera til þess að afla tekna handa nýlendum Dana í Vestindíum. Það átti að láta drætti sína fram fara á St. Thomas, en það kom brátt í ljós, að það gat ekki þrifst þar. Var þá sú breyting á gerð með lögum 6. apríl 1906, að leyft var, að drættirnir færu fram í Khöfn, og var einkaleyfið, sem veitt hafði verið tilteknum mönnum, jafnframt selt útlendum bankafjelögum, og er nú í höndum Hamborgar-peningamanna, er láta reka það með miklu kappi og selja ótæpt út um lönd, án tillits til þess, hvort leyft er eða ekki. Þessir menn munu vera hinir sömu, sem herra Philipsen ætlaði að selja íslenska lotterisleyfið.

Fjármálaráðherrann ljet illa af þeim áhrifum, sem þar af leiðandi óánægja og stöðug kærufni frá öðrum löndum hefði haft fyrir viðskiftin í öðrum fjármálum, kvað eftirgjald það, sem ríkinu áskotnast fyrir þetta lotteri, vera hina dýrustu peninga, sem ríkissjóður hefði, og væri þess kostur, að kaupa leyfið til baka með þolanlegum kjörum, mundi það þegar verða gert og lotterið lagt niður að fullu. Ef enn væri bætt við í Khöfn nýju lotteríi, sem ræki með álika áfergju starf sitt út um Norðurlönd og önnur Evrópulönd og á sama hátt og Kolonial-lotterið, þá mundu vandræðin enn aukast að mun, því að út í frá yrði öll áherzla lögd á heimili þess og konungsvald það, er stæði bak við lög-  
in. Þess vegna neyddist hann skyldu sinn-

ar vegna til þess, að sporna við því eftir megni, þótt honum fjelli mjög illa, að þurfa að vera meinsmaður Íslands í þessu.

Jeg gat ekki fallizt á mötbáruð dómsmálaráðherrans, sízt að öllu leyti, og sendi jeg honum meðal annars innlegg í málinu, sem ritað var af lögfræðisráðanaut lotterifjelagsins, yfirrjettarmálafl.m. Just Lund í Khöfn. Ennfremur afhenti jeg honum skriflega rökfærslu, samda í íslenzku stjórnarráðsskrifstofunni, fyrir því, að ákvæði lotterifrumvarps alþingis um drætti lotterisins og þar að lútandi störf kæmi eigi í bága við 2. gr. Klasselotterilaganna frá 6. mars 1869, fyrst engir seðlar yrðu seldir í Danmörku nje neinær ráðstafanir gerðar til sölu þar í landi, því að þessi lagaákvæði miðuðu aðeins til þess, að koma í veg fyrir samkeppi innanlands, en ekki til þess að vernda útlönd. Hann sat þó fastur við sinn keip, og 21. okt. daginn áður en halda skyldi rikisráðsfund þann, er jeg átti að bera lög alþingis upp fyrir konungi, ritaði hann mjer ýtarlegt brjef í embættisnafni, þar sem hann endurtekur mótmæli sín og röksemdir, og heldur fast við, að frumvarpið hæði á einn og annan hátt brjóti bág við lög í Danmörku.

Jeg hafði þannig fulla vissu fyrir því, að konunginum yrði ráðið frá að staðfesta frumvarpið, og varð þá að taka ákvörðun um, hvað gera skyldi. Það virtust öll líkindi, svo jeg ekki nú kveði fastara að, fyrir því, að konungurinn mundi ekki, gegn svo ákveðnum mótmælum hins danska ráðaneytis síns, sjá sjer fært að ákveða, að lotteriið skyldi samt stofnast í Khöfn, og að frumvarpinu þannig yrði synjað staðfestingar, þrátt fyrir minar tillögur. En undir þá synjun hefði jeg ekki sjeð mjer fært að rita með konungi. Jeg hefði þá þegar orðið að beiðast lausnar, og konungur orðið að fá sjer annan ráðgjafa. Jeg þykist nú sjá, að sumum háttv. þingmönnum mundi hafa þótt það nokkur bót

í böli, en af ýmsum ástæðum komst jeg að þeirri niðurstöðu, að það mundi eigi vera rjett gert af mjer, að svo stöddu, að stofna til slíks. Í fyrsta lagi græddi málið sjálft alls ekkert á því, að því væri telst til skipbrots þá þegar, áður sjeð var fyrir endann á því, hvort ekki mætti lánast að bjarga málinn við á einhvern annan hátt. Í öðru lagi stóðu fyrir dyrum málaleitanir um annað margfalt stærra og mikilvægara mál, sem mikill meiri hluti alþingis hafði falið mjer að framkvæma sem ráðherra. Enginn gat vitað þá, til hvers þær málaleitanir mundu geta leitt. Jeg varð að álita það einlægga vilja mikils meiri hluta þingsins, að tilraunin yrði gerð; en ef jeg hefði sett þetta mál á odd og farið frá vegna ágreinings um það við konunginn og hið danska ráðaneyti hans, þá voru allar þær málaleitanir fyrirfram útilokaðar og að engu gerðar.

En auk þess var það fyrir mjer aðalatriðið í þessu efni, að jeg gat ekki betur sjeð, en að það gæti verið háskalega villandi að gera þetta mál, eins og það lá fyrir, að stjórnskiftamáli. Það hefði út á við getað skilizt svo, að það væri vilji þings og stjórnar að halda því til streytu, að íslenzkt löggjafarþing gæti beitt sjer í Danmörku til þess að gera þar ráðstafanir um störf, framkvæmdir eða stofnanir þar í landi, að fornspurðu hinu danska löggjafarþingi, eða jafnvel í óþökk þess eða danskra stjórnarvalda. En þetta er og hefur verið fjarri tilætlan og vilja alþingis og stjórnar. Alþingi samþykkti lotterilögin í þeirri sannfæringu, að þau kæmu ekki í bága við dönsk lög nje hagsmuni, og í því trausti, að Danir hefðu ekkert á móti því, að störf þau, sem lögin gera ráð fyrir að fari fram í Danmörku, væru framkvæmd þar, heldur mundu fremur góðfúslega vilja styðja að því, að landssjóður gæti náð þeim tekjum, sem þingið hugði hann mundu geta náð með þessu móti, Dönum að meinfangalaus, á líkan

hátt og þeir áður hafa samþykkt og stutt að því, með umboðslegum fyrirskipunum, að ákvæði í farmannalögum vorum, skrásetningarlögum, tolllögum o. fl., er gera ráð fyrir störfum af hendi danskra embættismanna, gætu komið að notum.

Hefði þingið vitað það, sem nú er fram komið, en tímaleysi og annriki gerðu ómögulegt að rannsaka á þeim stutta tíma, er frumv. var til umræðu á þinginu, þá hefði annað orðið uppi á teningnum.

Jeg varð að telja það nauðsynlegt, ekki sízt með tilliti til væntanlegra samninga um aukid sjálfstæði Íslandi til handa, að ekkert það væri gert, sem átyllu gæti gefið til þess að segja, að alþingi vildi teygja sig út fyrir valdsvið sitt, inn á valdsvið Dana, enda þarf ekki mikla skarpskygni til að sjá, til hvers ofmikið harðfylgi við Khafnar-ákvæði frumvarpsins gæti leitt, ef Danir af sinni hálfu vildu fara inn á samskonar braut gaguvart Íslandi, og setja hjer á landi upp með dönsku lagaboði stofnanir eða fyrirtæki, sem Íslendingar teldu heyra undir sitt löggjafarvald, og jafnvel teldu sjer skaðleg, í því skyni að útvega rikissjóði tekjur eða aðra hagsmuni, og undanskyldu það með dönskum lögum íslenzku dómsvaldi.

Jeg varð því að álita heppilegast, eins og á stóð, eða skyldu mína gagnvart þjóð og þingi, að fresta því að svo stöddu, að bera málið upp fyrir konungi. Tillöguskjal mitt til konungs, sem hafði verið tilbúið, var því ekki lagt fram á rikisráðsfundinum 22. október, þegar hin önnur frumvörp voru þar uppborin og staðfest, og málinu ekki hreyft í það skifti.

Ríkisþingsmenn, er jeg síðan átti tal við um málið, tóku því fjarri, að nokkur von gæti verið um, að rikisþingið gæti fengizt til að samþykkja lög, er viðurkendu íslenzka lotteriið í Khöfn eða gæfu samþykki til starfsemi þess þar. Jeg átti þá tal við hr. Knud Philipsen, hinn eina af leyf-

isbeiðendum, sem staddur var í Khöfn, og inti hann eftir, hvort þess mundi ekki kostur, að leyfið væri notað, þótt þær breytingar væru gerðar, að stjórn lotterisins og drættir væri flutt til Reykjavíkur. Hann taldi á því ýms tormeiki, sennilega hin sömu, sem hann hafði áður látið í ljósi við þingnefndina. En auk þess kom hann með eitt, sem jeg hafði ekki heyrt áður. Hann sagði, að það mundi vekja alt of mikla athygli á pósthúsum annara landa, ef svo mörg brjef kæmu frá Íslandi í einu, sem lotteristjórnin mundi þurfa að senda út til þess að bjóða fram seðla sína o. s. frv. Sagði hann mjer, að Koloniallotteriið þyrfti stöðugt að skifta um lit og lag á umslögum sínum og gera brjefin torkennileg, því ella ættu þeir á hættu, að pósthjórnin í Hamborg, eða annarstaðar á Þýzkalandi, tæki öll brjefin og brendi þau, ef hún vissi, hvaðan þau væru, og eins mundi fara með brjef „íslenzka lotterisins“. Þó lofaði hann að bera þetta undir peningamenn frá Hamborg, sem hann var í samningum við eða var umboðsmaður fyrir viðvíkjandi lotterisleyfinu, og kvað þeirra von innan skams til Khafnar.

Nokkru síðar kom hann til mín eitt kvöld og sagði mjer, að nú sætu lotterimennirnir á ráðstefnu á tilteknu Hótelu, og hefðu sent sig til þess að tjá mjer, að þeir vildu ekkert hafa með lotteriið að sýsla, ef það væri ekki í Khöfn, eins og frumvarpið fyrirhjeti. En hinsvegar vildu þeir gera annað tilboð, sem verða mundi bæði þeim og Íslandi ennþá arðsamara en nokkurntíma lotteriið. Það var það, að þeim yrði veitt einkaleyfi til þess að setja upp á Þingvöllum ofurlitinn spilabanka fyrir veðspil, í líkingu við Monte-Carlobankann; þar mundu þeir reisa vegleg stórhýsi með öllum nútíðar vellystingum fyrir bankann og gesti hans, og þangað mundu streyma þreyttir lífsnautnamenn, sem vanir væru að vera í Monte-Carlo á



veturna, þegar þeim banka væri lokað á sumrin, og brúka ógrynni fjár. Ljet hann sem Ísland mundi geta fengið alt að því hálfu miljón á ári fyrir þetta, án nokkurrar áhættu, því umbjóðendur sínir mundu ganga að því, að banna öllum Íslendingum stranglega allan aðgang að spilabankanum. — Jeg sá mjer ekki fært að takast á hendur að koma þessari nýju gullflugu í munn alþingis, og skyldum við talið þar með. Síðan sá hann sig þó um hönd og vildi, að lotterilögin væru útgefin sem bráðabirgðalög með sama innihaldi eins og alþingisfrv., að öðru leyti en því, að drættir og heimilisfang lotterisins væri flutt til Reykjavíkur; en með því það kom á daginn, að þessi síðari mála-*leitun* var á því byggð, að öll *framkvæmdarstjórn* fjelagsins mundi geta farið fram í Khöfn eftir sem áður, í blóra við Dani, og frágangssök þótti að gripa til svo óvenjulegra ráða, sem bráðabirgðalög eru, nema þá því aðeins, að *full trygging* væri fyrir því, að leyfisbrjef yrði þá tekið og notað í nokkurt árabíl, svo að tekjur, sem landssjóð munaði nokkuð verulega um, væru visar honum til handa, fjell þetta brátt niður. Þess skal getið, að mjer bærust skömmu síðar brjef og áætlanir frá dönskum manni, að nafni Birger Hansted, þar sem hann gerir mjög lítið úr þeim hagnaði, sem landssjóði var ætlaður eftir lotterifrumvarpinu, og býðst til að láta stjórninni í tje *plön* til annars lotteris, sem geti gefið landssjóði tekjur frá 800 þúsund til miljón kr. á ári, ef landstjórnin vilji reka lotteriið sjálf. Ef menn hugsa til að taka lotterimálið upp að nýju, gæti þetta brjef og útreikningar þess ef til vill verið til samanburðar; en jeg fyrir mitt leyti gat ekki tekið það í fullri alvöru, og hvarf heim til Íslands aftur í haust saddur af lotteri-tali að sinni.

Í febrúar barst mjer enn brjef frá hr. Philipsen, þar sem hann gerði mjer ádvart um, að dómsmálaráðherra Dana, sem

hafði haldið því svo fast fram, að það væri brot á móti Klasselotterilögunum, að íslenska lotteriið hefði drætti sína í Khöfn, hefði nú lagt fyrir ríkisþingið nýtt lagafrumvarp um takmörkun á rjetti til verzlunar með lotteriseðla, og væri bannað í því frumvarpi, að láta lotteridrætti fram fara í Danmörku utan lögviðurkendra lottería, eða selja lotteriseðla frá Danmörku til útlanda, er óneitanlega bendir í þá átt, að hann hafi síðar komizt að annari niðurstöðu um röksemdir sínar, þótt hann hinsvegar haldi því fram, enn þann dag í dag, að þetta hafi verið sett í hið nýja frv. hans aðeins til vonar og vara og til þess að fyrirbyggja misskilning, en frumvarpið hafi verið framkomið af öðrum ástæðum, út af sænskum kærumálum um ólöglega sölu á lotteriseðlum eða ávisunum upp á hluta af rjettindum eftir lotteriseðlum. — Ætlaðist hr. Philipsen til, að jeg gerði tilraun til að fá ráðherrann til að hætta við þetta frumvarp. En það var hvorttveggja, að jeg vissi vel fyrirfram, að það mundi ekki vera til neins, enda var það, eins og jeg áður hef tekið fram, alls ekki skirskotun dómsmálaráðherrans til Klasselotterilaganna, sem í minum angum gerðu það ófært að halda málinu til streytu, heldur alt aðrar ástæður. Og önnur meginástæða dómsmálaráðherrans, um dómnefndina, stóð eftir óhöggðu af þessu.

Þetta nýja frumvarp gekk óbreytt og umræðulítið gegnum ríkisþingið, og var staðfest af konungi sem lög 1. apr. þ. á. — Þegar jeg kom til Hafnar nú fyrir þing, var það þannig útilokað þegar af þessari áseðu, að lotterifrumvarp alþingis gæti öðlast konungsstaðfestingu, án þess að hreyfa þyrfti neinum öðrum ástæðum móti frv. Á ríkisráðsfundi 28. maí þ. á. bar jeg þó lotterifrumvarpið upp fyrir konunginum á þann hátt, að jeg gerði grein fyrir efni þess og tilgangi, og skýrði frá því, að jeg hefði verið búinn að skrifa staðfestingar-

tillögur í haust, en vegna ýmsra mótbára gegn frumvarpinu frá hlið danskra ráðgjafa, sem jeg hefði eigi getað fallizt á, en viljað rannsaka nánar, hefði jeg talið rjett að fresta málinu til vorsins. En á því tímabili hefðu verið samþykkt í Danmörku ný lög þess efnis, er gerði það að verkum, að nú yrði því ekki mótmælt, að alþingisfrumvarpið kæmi í bága við dönsk lög. Undir þeim kringumstæðum kvaðst jeg ekki geta vænzt eftir því, að konungurinn staðfesti lotterifrv. alþingis, eins og það liggur fyrir, beint ofan í lög, er hann sjálfur hefði nýstaðfest, en hinsvegar vildi jeg heldur ekki ráða til synjunar, og lagði því til, að mjer væri falið að skýra alþingi frá hinum breyttu kringumstæðum, frá því er alþingi samþykkti frumv. og þangað til það var borið upp fyrir konungi, svo alþingi gæti tekið til nýrrar yfirvegunar, hvað gera skyldi. — Konungurinn fjelst á þetta form, og lýsti ánægju sinni yfir því.

Það er þannig ekki rjett, sem einstöku menn hafa verið að breiða út og bera í eyru þingmanna, að jeg hafi látið fyrirfarast að bera mál þetta upp fyrir konungi. Hvorki í stjórnarskránni eða í öðrum lögum er neitt fyrirskipað um það, hvenær málin skuli uppbörin. Það liggur í hlutarins eðli, að það á að gera svo fljótt sem atvik leyfa fyrir hvert einstakt mál. En ástæður geta verið svo misjafnar. Stjórnarskráin gerir ráð fyrir því, eins og jeg vjek að í upphafi máls míns, að það komi fyrir, að konungur hafi ekki staðfest lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, og ákveður, að þá falli frv. niður, án synjunar. Biðin getur þannig, þegar ekki er um aukaping að ræða, orðið alllönng, alt að tveim árum, sem það er óafgert, hvort lagafrv. verður staðfest eða ekki, án þess nokkurri ábyrgð varði. En hitt er ábyrgarhluti, að flana að staðfestingarleitunum, sem orðið geta til tjóns.

Það er gert mikið úr því af sumum mönnum, hversu mikla fjárvon landssjóðurur missi með því að verða af þessum lögum, og er það ekki sparað, að kenna mjer um, að landssjóður verði af stórmiklum og öruggum tekjum árlega. Jeg vil gagnvart þessu leyfa mjer að leiða athygli að því, að jafnvel nefndin í neðri deild 1912 tekur það fram í nefndarálitinu, að valt væri að byggja á mjög miklum tekjum af lotteríinu til frambúðar, og í þumræðunum á þingi kom það einnig fram, að sumir bjuggust við, að hjer gæti verið um fallvalta fjárvon að ræða. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki getað varizt þeirri tilfinning, eftir að jeg kyntist málinu nánar, heyrði frásagnir og skýringar hr. Philipsens um fyrirhugaða starfsemi, starfsaðferð og starfsvið lotterisins, tillögurnar um spilabankann á Þingvöllum í lotterisins stað, tilboðið um að flytja heimili og drætti lotterisins hingað heim, ef um það fengjust brágabirgðalög, en án alls áframhalds í því efni nú, er hægðarleikur væri að fá lögin með þeim breytingum samþykkt aftur í skjótu bragði og á löglegasta hátt, — jeg hef ekki getað varizt því, segi jeg, að sú tilfinning hefur orðið æ rikari hjá mjer, að hjer væri meira en lítið laust og losaralegt í spili, og er mjer næst að halda, að lotteríið hefði annaðhvort aldrei komizt á fót, jafnvel þótt lögin hefðu öðlast staðfestingu óbreytt, eða fallið fljótt niður aftur. Í því sambandi minnst jeg þess, að hr. Philipsen neitaði því í Khöfn, að það hefði nokkurntíma komið til mála, að leyfisbeiðendur settu nokkra tryggingu fyrir því, að *Concession* yrði notuð, og um ábyrgð fyrir framhaldi gat þá auðvitað ekki verið að ræða. Skorður þær, er rikin reisa við ólöglegri lotterisölu frá öðrum löndum, sem þetta fyrirhugaða lotterí svo mjög átti að lifa á, Íslandi til lítills sæmdarauka eða lánstraustsbóta, verða æ sterkari og sterkari. Bæði Noregur og Svíþjóð eru að undirbúa ný lög og ráð-

stafanir í því skyni, að koma í veg fyrir fjárdrátt út úr landinu með erlendum lott-erivíðskiptum; annarsstaðar, þar sem mark-aðar er von, eru einnig takmarkanir vax-andi.

Jeg þykist fyrir mitt leyti sannfærður um, að úr því sem komið var, hafi eigi verið unt að gera annað en jeg gerði, eftir að það var orðið augljóst, að Danir þóttust ekki geta unað því, að lotteri-ið hefðist við og færi fram í Khöfn í blóra við þá. Mjer þykir það vel sloppið, að þetta frumvarp liður hjá, án þess að nein viðurkenning liggja fyrir af Íslendinga hálfu um það, að alþingi hafi farið út fyrir vald-svið sitt í samþykkt þess, og hverfi úr sög-unni eingöngu með þeim rökum, að kring-umstæður hafi breytt frá því, að alþingi samþykkti frv., þangað til það var borið upp fyrir konungi. Jeg álit, að jeg eigi fremur þakkir skilið en aðfinslur fyrir það, hvernig jeg hef farið með málið úr því sem ráða var, er Danir gátu ekki samþykkt það, en vjer höfðum bygt á samþykki þeirra. En um það er þingsins að dæma, en ekki mitt. Jeg skal svo ekki hafa þessa skýrslu lengri. Hún mun þykja orðin nógu löng, en jeg er auðvit-að fús til þess, að svara spurningum um einstök atriði þessu máli til skýringar, ef óskað er eftir og mjer er unt.

Þá skal jeg ennfremur gefa stutta skýrslu um tvö mál önnur. Í fyrsta lagi um af-stöðu málaleitana þeirra við Norðmenn, sem háttv. þingmenn vita að fram hafa farið, útaf þingsályktun þeirri, sem, að gefnu tilefni frá hálfu utanríkisstjórnarinnar í Noregi, var samþykkt á síðasta þingi, þess efnis, að neðri deild tjáði sig ekki ófúsa á að nema úr gildi lög nr. 27, 11. júlí 1911, þar sem útlend sildveiðaskip eru skyld-uð til að hafa jafnan báta sína uppi á skip-inu og nætur inni á skipinu, þegar þau koma á landhelgissviðið, ef stjórnin gæti kom-izt að samningum við Norðmenn um afnám

tolls á íslenzku saltkjöti og álitlega lækk-un á tolli á innfluttum íslenzkum hestum. Út af þessu erindi fór jeg til Noregs í fyrra haust, til þess í samvinnu við sendi-herra Dana í Kristjaníu, að eiga tal við þáverandi utanríkisráðherra Noregs og ýmsa aðra stjórnmalamenn um málið. En svo vildi til, að þá stóðu yfir kosningar til stórþingsins, sem höfðu það í för með sjer, að stjórnin varð að fara frá völdum. Öll flokkahlutföll breyttust, og var þá þegar augljóst, að ekki var hægt að gera neina samninga á því stigi, eða að minsta kosti vildi stjórnin þá ekki afgera neitt, enda var hjer um ágreiningsmál að ræða milli bændaflokks og þeirra, er að sjósókn og fiskiveiðum vilja sjerstaklega hlyna. Það varð þessvegna ofan á, eftir nokkra viðtalsfundi um málið, þar sem það þegar var orðið ljóst, að af hálfu Norðmanna mundu verða gerðar kröfur til meira en afnáms laganna, sem jeg nefndi, gegn þeim tilslökunum, er hjer var krafizt, ef nokkur kjöttollslækkun væri framkvæmanleg þar á annað borð, að biða með frekari samninga-tilraunir þangað til í maí í vor. Þá bjóst jeg við að koma þar aftur og eiga þá tal við hina nýju stjórn, og það gjörði jeg. Þá var Gunnar Knudsen orðinn „Stats-minister“, og hann er eindreginn tollvernd-armaður, og þeim megin eru einnig bænd-ur og meiri hlutinn, svo að líkurnar voru nú enna minni en áður fyrir því, að samn-ingar tækjust. Að visu eru þeir menn í ráðaneytinu, sem ekki eru máli þessu frá-hverfir, en þeir eru þar í minni hluta. Síðan í fyrra hefur mikið verið um þetta skrifað í blöðin í Noregi. Það hefar meira að segja verið sótt af allmiklu kappi af blöð-um og fulltrúum fiskiveiðabæjanna á suð-ur- og vesturströnd Noregs, að fá þessum samningum komið á við Íslendinga, og hafa verið sendar ýmsar sendinefndir og áskoranir til Stórþingsins í því skyni. En bændurnir á þingi standa hins vegar eins og veggur á móti, og hyggja, að norskar

sveitaafurðir, kjötið, muni falla í verði, ef slakað er til á tollinum, og hafa þeir yfirhönd. Hjer á Íslandi er þetta sveitanna hagsmál, en fremur á kostnað sjálfarmanna. Í Noregi alveg þvert á móti. Að visu er enn þá ekkert endanlegt ákveðið um það af Norðmönnum, að hafna samningum í þessa átt, en jeg fyrir mitt leyti hygg, að þeir muni ekki verða afgjörðir fyrst um sinn. Og í rauninni álit jeg, að það sje enginn skaði fyrir Íslendinga. Jeg álit, að vjer ættum ekki að leggja mikið í sölurnar til þess, að fá afnuminn hinn norska kjöttoll. Hjeðan af landi fluttust 1912 um 20 þús. tonn af kjöti alls, og þar af voru seldar og notaðar 10—11 þús. í Danmörku, 4 þús. í Svíþjóð og til Noregs fluttust um 5 þús. tonn alls. En af þeim er ekki tekinn tollur nema af svo sem 2 þús., því að „proviand“ skipa er ekki tollaður í Noregi, og það kjöt, sem ætlað er til þess að selja það skipum, er lagt á „Frilager“. Þannig verður tollurinn, sem nú er 5 au. á pd., fremur lítill og vandasamt að vita, hverjum það yrði að góðu, ef hann væri af tekinn. Vjer hugsum oss, að Ísland fái þeim mun meira fyrir kjötið, sem tollinum nemur, en Norðmenn vilja fá kjötið þeim mun ódýrara. Líklega skiptist hagurinn milli beggja og er þá ekki mikið í hlut. Og ekki er nauðsyn á þessu til þess, að útvega meiri markað fyrir kjötið, þess er engin brýn þörf, því að hann höfum vjer meiri en vjer getum fullnægt. Það er hægt að selja miklu meira kjöt, en vjer eigum til, fyrir hátt verð, hærra en nokkurn tíma fyr.

Jeg varð var við það í Noregi, að ýmsir þeir, er í blöðin rita, álita, að Norðmenn sjeu hjer hörðu beittir í álögum og atvinnuhoftum. En þetta er alls ekki rjett á lítið. Undanfarin ár hefur einmitt verið farið svo væglega í sakirnar við þá, t. d. að því er snertir heimilisfang þeirra, er fiskað hafa fyrir Norðurlandi, að aðrar þjóðir hafa fengið þá skoðun, að Norðmenn nytu hjer

einhverra sjerstakra vildarkjara. Þannig hef jeg orðið fyrir því fyrir nokkrum árum, að sendiherra annars ríkis kom til min á skrifstofuna í Kaupmannahöfn, til þess að fara þess á leit, að hans landar fengju sömu rjettindi í fiskveiðum við Ísland, eins og Norðmenn hefðu. Þetta sýnir, að vjer höfum ekki verið harðir við þá, heldur vægir. Það sjest opt í norskum blöðum, að vjer höfum lögtekið ákvæðið frá 11. júlí 1911, um að skipin skuli hafa báta sína á þilfari í landhelgi, af klókindum, til þess þar með að geta neytt þá til tolllækkunar. En jeg vil grípa tækifærið til þess að lýsa því yfir, að þetta er ekki rjett, eins og allir menn hjer vita. Það var gjört beint eftir ósk eftirlitsskipsins, með því að ókleyft þótti ella að hafa eftirlit með útlendum sildveiðaskipum, er reka veiðiskap nyrðra. Síðan hafa menn að visu komizt að raun um það, að þessi regla getur komið órjettlátlega niður, því að stórskipum gerir þetta ekkert til, en það er mjög örðugt fyrir smærri skip, svo að segja má, að þetta sje að leggjast á þá, sem fátækari eru, þótt engin lögbrot sje höfð í frammi af þeim í veiðiskapnum. Þessvegna var það ekki nema rjett og mannúðlegt, að gera Norðmönnum kost á að fá þessu breytt, ef hitt kæmi í móti, en eins og jeg hef sagt, eru litlar likur til þess, að svo verði, altjend fyrst um sinn, og hef jeg ekki frekara frá þessum málaleitunum að inna í bráðina.

Þá vildi eg minnst örfáum orðum á horfurnar fyrir framkvæmd laga um einkasölu á steinolíu. Þessi heimild, sem stjórnninni var gefin á síðasta þingi, var sprottin af því, að steinolía þótti þá óhóflega dýr, sjerstaklega til þess að reyna að vernda „motor“-bátaútgerðina, sem þá þótti þurfa að borga meira en góðu hófi gegndi fyrir olíuna. Jeg gerði þá og þegar eftir þingráðstafanir til þess, að reyna fyrir mjer á Englandi, í Ameríku og víðar, til þess að

vita, hvort þess væri hvergi kostur, að fá steinoliu með vægara verði í stórkaupum. Jeg komst fljótt að þeirri niðurstöðu, að óframkvæmanlegt væri, að landssjóður tæki að sjer þessa einkasölu, eins og jeg þegar hafði sýnt fram á og rökstutt á þingi. Hitt var hugsanlegt, að sterkt innlent fjelag gæti gjört tilraun, en þá þurfti að grenslast eftir því, hver trygging væri fyrir forsvaranlegum framkvæmdum. Jeg fjeck eitt skilyrðisbundið tilboð frá auðugum manni útlendum að visu, en sem mundi verða í sambandi við hjerlenda menn, svo að allt væri löglegt. Hann er enskur að ætt, dugnaðarmaður mikill, og bjóst hann við, að þetta mundi hepnast fyrir sjer og að hann gæti sett fulla tryggingu fyrir því, að olian fengist næg og með sömu sæmilegum kjörum um land alt. En þegar jeg kom til Leith í september, var maðurinn þar kominn í veg fyrir mig til þess að finna mig og taka tilboð sitt aftur. Kvaðst hann þá hafa reynt fyrir sjer á einum 7—8 stöðum í London, Ameríku og víðar, en alstaðar var sama svarið. Að ekki væri mögulegt að útvega steinoliu fyrir það verð, er hún var þá seld hjer fyrir um land allt, því að eftirspurnin væri svo mikil, að ekki væri einusinni unt að fullnægja gömlum viðskiftavinum. Jeg hef brjef þessu viðvíkjandi, en hjer er ekki tími eða tækifæri til að fara nánar út í að skýra frá þeim; þau staðfesta hið sama, að kjör þau, er menn njóta hjer, sjeu ekki lakari en annarsstaðar, í álfunni og ekki nein líkindi til betra í bráð. Þó varð eitt fjelag, „Fiskiveiðafjelag Íslands“ til að sækja um einkarjett sjer til handa til steinoliuflutnings hjer í land. En það gat ekki sýnt skilríki fyrir því, að það hefði bein í hendi til þess að taka verzlun þessa að sjer, svo að stjórnin varð að álíta það óforsvaranlegt uppá lausa von þeirra manna, er að því stóðu, að banna öllum öðrum innflutning á vöru þessari viðsvegar um

landið, og hefði að minni hyggju getið af því flotið hinn mesti hnekkir, ef veitt hefði verið einkaleyfi án fullnægjandi trygginga. Hið eina, sem jeg hef getað fengið framgengt í þessu máli er það, að D. D. P. A. hefur lofað því, að hækka ekki verðið hjer þrátt fyrir vörutollinn og hækkuð flutningsgjöld hjá sameinaða gufuskjapafjelaginu, heldur skuli því verða haldið í sömuskorðum og í öðrum löndum að rjettu tilliti til afstöðu Íslands. Oss verður þannig ekki misboðið fremur en öðrum þjóðum í Evrópu.

Jeg hef ekki sjeð ástæðu til þess, að fara að semja nýtt lagafrv. um þetta mál, því að þótt lögin frá því í fyrra sjeu gölluð, þá mætti þó ef til vill grípa til þeirra, ef úr hófi keyrði, og eitthvert tækifæri byðist. En það er erfitt við þetta að fást og það er svo víðar í heiminum, en hjer. „Hringarnir“ eru svo völdugir, að naumast má rönd við reisa. Þýzka ríkið hefir reynt það, en ekki tekizt, og er þó ólíku hægra um vik fyrir aðra eins stórfiska og þýzka ríkið er, heldur en okkar litla landi, sem ekki notar meiri oliu samtals en einn stórkaupmaður umsetur erlendis. Jeg veit, að því hefur verið haldið fram hjer í blöðum, að það sje miklu hægra fyrir svo litla þjóð, sem vjer erum, að útvega sjer nægar birgðir, heldur en fyrir stórt ríki. En þetta er misskilningur. Þýzkaland getur keypt upp alla steinoliuframleiðslu heilla stórfjelaga, svo að þau þurfa enga samkeppni að hræðast. En þau steinoliufjelög, sem í trássi við „hringinn“, selja smáslatta, eins og við þurfum, og hafa í mörg önnur horn að líta, eiga allskonar samkeppniskúgun á hættu.

Það er margsjed og reynt, að þegar einhver fjelög, lönd eða landspartar, hafa ætlað að fara að taka sig útúr, þá hafa stórfjelögin neytt þau með samkeppninni til þess að hætta. Þessvegna er það hæpið, að nokkurt steinoliufjelag færi að hætta á

þetta fyrir okkur næsta ár, eða næstu ár, og hygg jeg, að, að svo stöddu sje ekki frekara við þetta mál að gera.

Jeg hafði ætlað mjer að gefa ennfremur stutta skýrslu um tilboð, sem jeg býst við að komi frá Noregi um gufuskipaferðir hingað með hringferðum kringum landið. Jeg bjóst við að fá fulla vitneskju um þetta með skipinu „Flóra“ frá forstjóra fjelagsins. Þetta varð þó ekki, en samkv. brjefi sem jeg fjeck frá honum er von á nánari upplýsingum eptir fáa daga, og mun jeg því geyma þetta þangað til, og gefa þá samgöngumálanefndinni skýrslu mína.

**Forseti:** Með því að fundurinn er ekki ályktunarfær, verður 2. mál á dagskrá ekki tekið fyrir.

### 3. fundur. Föstudaginn 18. júlí.

Til fundar þessa var boðað samdægurs með fundarboði, sem gengið var með meðal þingmanna. Engin dagskrá var prentuð fyrir fundinn. Allir þingmenn mættu á fundinum, nema Skúli Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Fundargjörð síðasta fundar var ekki upplasin.

**Forseti:** Jeg hef boðað þingmenn á þennan fund vegna fráfalls ráðherrafrúarinnar.

Ráðherrafrú Ragnheiður Hafstein andaðaðist kl. 2 í nótt. Þótt hún lægi rúmföst alllangan tíma, þá var fráfall hennar sviplegt. Þangað til síðustu tvo sólarhringana varði vist engan, að sjúkdómur hennar mundi hafa þennan enda. Sorgaratburður þessi verður því sárari, er þessari ágætiskonu er swift burtu að óvörum og á bezta aldri. Það er á allra vörum, að hjónaband hennar og ráðherra vors hafi verið svo gott, að ekki gat betra, og heimilislif þeirra fyrirmynd. En þessi kona var

ekki einungis í orðsins beztu merkingu góð kona og góð húsmóðir. Hennar hlutverk varð það um nokkur ár, að koma fram landsins vegna. Hygg eg það sannmæli, að hún hafi verið fremsta kona landsins ekki einungis vegna stöðu sinnar, heldur og fyrir hæfilegleika sakir og mannkosta. Það veit jeg og að er sannmæli þeirra, er til þektu, að hún hafi jafnan komið svo fram í hinni vandasömu stöðu sinni sem æðsta kona landsins, að því væri til sæmdar. Þessvegna vekur fráfall hennar sáran harm ekki einungis hjá hennar nánustu og í þessum bæ, þar er hún ól mestallan aldur sinn, heldur um alt land. Blessuð sje minning hennar.

Eg mun þingsins vegna votta ráðherra og fjölskyldu hans samhrygð, og veit jeg að það er vilji allra þingmanna.

Ennfremur gat forseti þess, að deildarforsetarnir hefðu ákveðið að láta deildarfundi falla niður í dag í tilefni af andlátinu.

Þingmenn mættu viðhafnarklæddir á fundi þessum og hlýddu standandi á tölu forseta.

### 4. fundur. Mánudaginn 28. júlí.

**Ráðherrann:** Áður en gengið er til dagskrár, vil jeg leyfa mjer að votta háttvirtu alþingi beztu þökk mína fyrir þá miklu hluttekning, er það hefir sýnt mér í hinni þungu sorg minni við fráfall konu minnar, Ragnheiðar Hafstein, bæði með samhygðarskeyti og minningarorðum forseta í sameinuðu þingi, svo og með því að leggja silfurkranz á kistu hennar. Þessi hluttekning frá fulltrúum þjóðarinnar, er mér dýrmætur vottur þeirrar velvildar og virðingar henni til handa, er hún hefir áunnið sjer með lifstarfi sínu. Jeg þakka alþingi í heild sígri og hverjum einstökum þingmanni fyrir þann þátt, er haan hefur

í því átt, að þetta hefur verið í ljósi látið.

Þingmenn hlýddu þakkarorðum ráðherra standandi.

Var því næst gengið til dagskrár og tekið til meðferðar.

1. *Kosning eins manns í bankaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið frá 28. júlí 1913 til aðalfundar bankans 1916.*

Forseti: Samkvæmt reglugerð Íslandsbanka átti að kjósa einn mann í bankaráð Íslandsbanka í byrjun þessa þings. Það virtist samt ekki til þess ætlandi, að það væri gert fyrstu daga þingsins. Eins og kunnugt er, var gert ráð fyrir, að kosning þessi færi fram fyr, en fyrir ýms *atvik* hefur hún dregizt þangað til nú. Jeg hef talið það rjett, úr því kosningin drógst svo lengi, að kjósa einnig þann mann annan í bankaráðið, er að sjálfsögðu á að kjósa í það. Þá hef jeg fengið tilmæli frá nokkrum hv. þingmönnum um það, að kjósa einnig 3. manninn í bankaráðið. Að ákveða um það nú, virðist samt of snemt, að minsta kosti meðan óvist er um forlög stjórnarskrárfrumvarpsins. — Við kosningarnar í dag vildi eg biðja hv. þingmenn, að tilgreina við nafn þess manns, er þeir vilja kjósa, stöðu hans eða eitthvað annað, er einkenni manninn svo, að ekki geti orðið um að villast.

Kosningu hlaut Stefán skólastjóri Stefánsson með 28 atkv. Valtýr Guðmundsson hlaut 1 atkv. 9 seðlar voru auðir.

2. *Kosning annars manns í bankaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið frá aðalfundi bankans 1914 til aðalfundar 1917.*

Kosinn var Lárus H. Bjarnason prófessor, með 21 atkv. Pjetur Jónsson, umboðsm. á Gautlönndum, hlaut 18 atkv.

Var þá dagskrá lokið.

Forseti las upp skýrslu frá verðlaunanefnd Jóns Sigurðssonar sjóðsins. Hafði nefndin veitt tvenn verðlaun, 750 kr. að upphæð, fyrir þessar ritgjörðir:

1. Um herferðir víkinga frá Norðurlöndum, eftir Jón prófast Jónsson á Stafafelli, og
2. Rjettarstaða Íslands eftir Einar Arnórsson prófessor.

5. fundur. Föstudaginn 22. ágúst, kl. 4<sup>1/2</sup> síðd. Þessir þingmenn voru ekki viðstaddir: Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Guðmundur Eggerz, Halldór Steinson, Jón Ólafsson, Kristján Jónsson, Lárus H. Bjarnason; Skúli Thoroddsen, Stefán, Stefánsson, 4. kgk. þm. og Valtýr Guðmundsson. Forseti skýrði frá því, að stjórnarráðið hefði með brjefi, dags. 1. ágúst þ. á., sent sjer skýrslu um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“, og lægi hún frammi til sýnis.

Var þá gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

1. *Kosning nefndar til að úrskurða þingfararkaup alþingismanna.*

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að biðja hv. þingmenn, að kjósa 5 manna nefnd til að úrskurða þingfararkaup alþingismanna.

Fjórir listar höfðu komið fram, A, B, C og D-listi, og voru sömu nöfn í sömu röð á öllum. Enn kom fram listi frá þingmönnum efri deildar, og var hann merktur E. Var þá gengið til kosninga, og fjell kosning þannig, að A-listinn fjekk 17 atkv., C-listinn 2 og E-listinn 10 atkv., en hinir listarnir ekkert. Hlutu því kosningu:

Eggert Pálsson, A-listi, með 17 atkv.

Sigurður Sigurðsson, E-listi, með 10 atkv.

Ólafur Briem, A-listi með 8 $\frac{1}{2}$  atkv.

Steingrímur Jónsson, E-listi, með 6 $\frac{1}{8}$  atkv.

Sigurður Stefánsson, A-listi, með 5 atkv.

Í nefndinni var Sig. Stefánsson kosinn formaður og Ólafur Briem skrifari.

6. fundur. Þriðjudaginn 9. september, kl. 5 síðdegis. Allir þingmenn á fundi. Var gengið til dagskrár, og tók forseti til meðferðar:

1. *Frv. til laga um vatnsveitingar* (606, 633).

Sigurður Sigurðsson, framsögumaður meirihluta neðri deildar: Það hefur orðið ágreiningur milli efri og neðri deildar, að því er snertir 18. gr. Hún ákvað upprunalega, þá er frv. kom frá efri deild, að jörð mætti taka eignarnámi handa áveitufjelagi, ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vildu greiða kostnað við áveitu samkv. 17. gr. Þessu var breytt hjer í neðri deild, eignarnámsheimildin numin burt, en lögtaksheimild sett í staðinn, þá er hvorki leiguliði nje landsdrottinn vildu leggja fram áveitukostnaðinn. Frv. var svo endursent efri deild. Hún setti svo 18. gr. í npprunalegu gervi sínu aftur í frv., en þá er það öðru sinni kom til neðri deildar, var greininni aftur breytt, lögtaksheimild sett í stað eignarnámsheimildar, eins og nú er ákveðið í frv. Meiri hlutinn í neðri deild er með öðrum orðum hræddur við að lögleiða eignarnámsheimild, enda þótt hún sje til í sumum lögum, t. d. fossalögum, og þótt það sje vitanlegt, að eignarnámsheimild riðji sjer smátt og smátt hvarvetna til rúms í löggjöf þjóðanna. Nýlega las jeg í útlendu tímariti, að nú væri háð hörð barátta í í Englandi um heimild til eignarnáms á stóreignum og stórbýlum í því skyni, að skifta þeim niður í *grasbyli*. Stóreigna-

mennirnir berjast vitanlega á móti þessu af hinu mesta ofurkappi, en fjármálaráðherra Breta og fleiri góðir menn fylgja þess konar heimildarlögum fast fram. Í Noregi eru þesskonar lög til, þó að jeg muni ekki nú að tilgreina þau. Þetta er ekki, hvorki hjer nje annarstaðar, neitt nýmæli í löggjöfinni. Meiri hluti landbúnaðarnefndar var lfka á því, að rjett væri að veita hana. Það virðist og meinlaust og engin hætta á, að ákvæðið yrði misbrúkað. Þess verður að gæta, að þessari heimild yrði ekki beitt, nema þegar um stór fyrirtæki og lögmætar samþykktir til áveituframkvæmda er að ræða. Í öðru lagi fæ jeg ekki sjeð, að lögtaksheimild 18. gr., eins og hún er nú, sje mykri nje mildari. Lögtaksrjettur gengur alt af nærri eignarrjetti manna, og mjer þykir *lögtak* einlægt óviðfeldið, og hvorki betra nje vægara en eignarnám.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta. Jeg býst við, að allir hv. þm. sjeu ráðnir í, hvernig þeir ætli að greiða atkvæði. En jeg vil samt mæla hið bezta með því, að brtill. verði samþykkt. Jeg skal minna á, að hjer á landi riður mjög á því, að fá sem fyrst lög eða lagafyrirmæli að því, er snertir samáveitur og vatnsveitingar yfir höfuð. Um þetta efni eru engin lög til hjer á landi, nema ef vera kynni gömul ákvæði þar að lútandi í Grágás eða Jónsbók, sem þá eru gleymd almenningi, úrelt og tekin að firnast. Hins vegar mjög mikil nauðsyn á slíkum lögum sem þessum. Það væri því illa farið, ef það auðnaðist ekki, að afgreiða þetta frumvarp frá þinginu sem lög.

Bjarni Jónsson frá Vogu, framsögumaður minnihluta neðri deildar: Það má vel takast, að afgreiða þetta mál frá þinginu, og beinasti vegurinn til þess, er að brtill. á þgskj. 706 verði tekin aftur. Hún er ekki mikilvæg málinu, sem frv. á að gagna, en ef hún verður samþykkt, gela



þeir ekki veitt frv. fylgi sitt, sem ekki láta sig engu skifta, hvort eignarrjetturinn er vettugi virtur í löggjöf landsins eða ekki.

Það eru til önnur ráð eins örugg að ná sama marki og eignarnámsheimildin; þau er ekki eru eins nærgöngul við eignarrjett manna og hún, og það er að taka áveitukostnaðinn lögtaki hjá eiganda og leiguliða. Ef samáveita er samþykkt, og 18. gr. verður samþykkt eins og hún er nú, þá fæ jeg ekki sjeð, að neinn fái varizt því, að greiða sinn hluta af kostnaðinum við samáveituna. Ef menn þverskallast við það, er hægurinn hjá að taka hann lögtaki. (*Sig. Sigurðsson*: Hvað er þá orðið um eignarrjettinn?). Það er mikill munur á því, hvort tekin er af mönnum heil jörð, þeir sviftir eign sinni á henni með öllu því raski, er því fylgir, eða andvirði lítilfjórlegrar upphæðar er tekið lögtaki. Og í löggjöfinni á ekki að setja harðari ákvæði, en nauðsyn er á.

Það er annars einkennilegt, að frsm. meirihl. (*S. Sig.*), sem er búvitsmaður neðri deildar, skuli bera brögður á, að það sje nokkur munur á, hvort tekin er af mönnum ein skófla eða aðrir búsmunir, eða heil jörð. Þetta þarf ekki að skýra fyrir mönnum. Sjálfur get jeg mjer látið í ljettu rúmi liggja, hvað ofan á verður. Jeg á enga fasteign, svo að jeg þarf ekki að óttast, að fyrirmælum laganna verði beitt gegn mjer. En jeg vil ekki greiða atkvæði með lögum, er hafa svo stóran vönd á lofti fyrir svo litla yfirsjón, sem hjer ræðir um.

**Þórarinn Jónsson, frasm. Ed.:** Háttv. 1. þm. Árn. (*S. S.*) taldi, að með þessari breytingu væri farið með eignarrjett manna, eins og hver vildi hafa. En það er hægt að skirskota til 12. gr. fossalaganna, þar er ekki skemra farið. Hjer liggur alveg sama fyrir; hjer er farið að koma á fót fyrirtækjum, sem eru til heilla heilum sveitarfélögum. Þá hjelt hann mjög

fram lögtaksrjettinum, sem ákveðinn er í 18. gr. En meira aðhald er þó það, ef hægt er að taka jörðina eignarnámi. Að taka lögtaki er altaf mas og fyrirhöfn, og ef maðurinn sem í hlut á, á ekkert nema jörðina, hvað á þá að gera? — Það er óumflýjanlegt að samþykkja brtill. á þgskj. 633, því að í 22. gr. frv. er talað um úttektarmenn og matsmenn, sem hvergi annarsstaðar eru nefndir á nafn. — Jeg sje, að í nefndaráliti minni hlutans er verið að hnýta í Ed. fyrir, hve áfjáð hún sje um eignarnámið, þar sem hún skipi fyrir, að stjórn áveitufjelagsins skuli láta eignarnámið fara fram áður en 5 mánuðir eru liðnir frá því, að undirbúningi verksins var lokið. En þessi 5 mánaða frestur er til þess, að hægt sje að áfrýja matsgjörðinni, en út frá því er gengið sem sjálfsgöðu, að ekki verði hætt við fyrirtækið. Jeg vil því eindregið ráða til þess, að samþykkja frv. ásamt brtill. á þgskj. 633.

ATKVGR.:

Brtil. á þgskj. 633 samþ. með 25 atkv. gegn 14.

Nafnakall var viðhaft og sögðu

*Já:*

*Nei:*

Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Ben. Sveinsson,
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
E. Jónsson, 1. þm. R.	Halldór Steinsson,
E. Jónsson, 2. þm. N.-M.	Jón Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jón Ólafsson,
Guðjón Guðlaugsson,	L. H. Bjarnason,
Guðm. Björnsson,	Magn. Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónatansson,	St. Stefánsson 4. kgk.
Jósef Björnsson,	St. Stefánss., 1. þm. Lf.
Júlíus Hávseen,	Tryggvi Bjarnason,
Kristinn Danielsson,	Þorleifur Jónsson.
Kristján Jónsson,	
Matthias Ólafsson,	
Þjetur Jónsson,	

Sigurður Eggerz,  
Sigurður Sigurðsson,  
Sigurður Stefánsson,  
Steingrímur Jónsson,  
Valtýr Guðmundsson,  
Þórarinn Jónsson.

Hákon Kristoffersson og Magnús Andrjesson greiddu ekki atkvæði og töldust því með meiri hlutanum.

Frv. þannig breytt var samþykkt með 29 atkv. gegn 4, og verður afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

2. *Kosning á 3 mönnum til að meta rit til verðlauna af „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ (201, 537).*

Kosning hlutu:

*Björn M. Ólsen, prófessor, með 37 atkv.,  
Jón Jónsson, dócent, með 32 atkv.,  
Jón Þorkelsson, landskjalavörður, með 21 atkv.*

Hannes Þorsteinsson, aðstoðarskjalavörður, fjekk 20 atkv. og aðrir færri.

3. *Kosning yfirskodunarmanns landsbankans,*

Kosning hlaut:

*Benedikt Sveinsson, ritstjóri, með 24 atkvæðum.*

Jón Laxdal, kaupmaður, fjekk 15 atkv.

7. fundur. Laugardaginn 13. september, kl. 1, síðdegis.

1. *Frumvarp til laga um viðauka við og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909. (878, 879).*

Ráðherra: Breyting sú, er háttv. Ed. hefur gert á þessu frv., er engin efnisbreyting, heldur að eins lagfæring á villu, er komst inn í frv. hjer við síðustu umr. vegna þess, að í brtill. hjer var nefnd 1. gr. í stað 2. gr. Þetta hefði mátt skoða

sem prentvillu, hefði því verið veitt eftirtekt hjer. Nú hefur þetta verið sett í rjett form, og vona jeg það nái samþykki þannig.

Jósef Björnsson: Jeg hef ásamt tveim háttv. þm. leyft mjer, að koma fram með brtill. á þgskj. 879, og vænti jeg þess, að þessi brtill. verði samþykkt, því hún miðar ekki til annars, en að tiltaka hversu mikið áfengi sendiræðismennirnir megi flytja inn á ári. Og mjer þykir það sjálfsagt, að fyrir því sjeu sett takmörk, því þótt mönnum þessum megi treysta til að fara ekki lengra en leyft er, þá á og má leyfið ekki vera takmarkalaust, því það gæfi til efni til þess, að einhver kynni að finnast, er misbrúkaði það. Á móti þessu sje jeg enga ástæðu, er hægt sje að telja fram bærilega. Verði þessi brtill., mót von minni, ekki samþykkt, þá greiði jeg óhikað atkvæði á móti frumvarpinu.

Nafnakall var viðhaft við atkvæðageriðsluna, bæði um frv. sjálft og um brtill., samkvæmt ósk þessara þingmanna:

Jósefs Björnssonar,  
Guðm. Björnssonar,  
Björns Þorlákssonar,  
Hákons Kristofferssonar,  
Bjarna Jónssonar, frá Vogu,  
Sigurðar Sigurðssonar,  
Björns Kristjánssonar,  
Þorleifs Jónssonar,  
Jóns Jónssonar.

Brtill. á þgskj. 879 var samþykkt með 25 atkv. móti 13, og sögðu:

Já:

Nei:

Jóh. Jóhannesson,	Benedikt Sveinsson,
Ólafur Briem,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Þorláksson,	Halldór Steinsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónatansson,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Einar Jónsson,	Kristján Jónsson,
Eiríkur Briem,	Þjetur Jónsson,

Guðjón Guðlaugsson, Sigurður Eggerz,  
 Guðm. Björnsson, Sig. Stefánsson,  
 Hákon Kristoffersson, Steingr. Jónsson,  
 Hannes Hafstein, St. Stefánss., 4. kt.  
 Jón Jónsson, Valtýr Guðmundss.,  
 Jósef Björnsson,  
 Júlíus Havsteen,  
 Kristinn Danielsson,  
 Lárus H. Bjarnason,  
 Magnús Andrjesson,  
 Magnús. Kristjánsson,  
 Skúli Thoroddsen,  
 Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,  
 Tryggvi Bjarnason,  
 Þorleifur Jónsson.

Matthías Ólafsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hluta.

Frv. i heild sinni, með áorðinni breytingu, samþykkt með 26 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*Já:*

*Nei:*

Jóh. Jóhannesson,	E. Jónsson, þm. Rv.,
Ólafur Briem,	Guðj. Guðlaugsson,
Benedikt Sveinsson,	Guðm. Eggerz,
Bjarni Jónsson,	Hákon Kristofferss.,
Björn Kristjánsson,	Matthías Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Sigurður Eggerz,
Eggert Pálsson,	Sig. Sigurðsson,
E. Jónsson, þm. N.-M.	Sig. Stefánsson,
Eiríkur Briem.	St. Stefánsson, 4. kt.
Guðm. Björnsson,	St. Stefánss., 1. þm. Eyf.
Halldor Steinsson,	Tryggvi Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Valtýr Guðmundss.
Jón Jónatansson,	
Jón Jónsson,	
Jón Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Kristinn Danielsson,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Magnús Kristjánsson,	
Þjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	

Steingrímur Jónsson.

Þorleifur Jónsson,

Þórarinn Jónsson var ekki viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

Frv. afgreiðist til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

2. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa (880, 882.

Björn Kristjánsson: Þess munu fá dæmi, að mál eins og þetta komi í sameinað þing, þar sem þekkingin öll í báðum deildunum hefur verið annars vegar, en þekkingarskorturinn hinsvegar, og það er því undarlegra, er brtill. þær, er síðast voru bornar hjer enn fram í neðri deild, voru samþykktar síðast með minst 17 atkv.

Af því að mál þetta er komið í hina mestu flækju, verð jeg að reyna að greiða svo sem jeg get úr henni, og leitast við að sýna, hve rjettmætar brtill. á þingskj. 882 eru.

Jeg er ekki vanur að halda langar hrókaræður um neitt mál nema í bráðustu nauðsyn, en verð þó að reyna að leiða málið út úr því völundarhúsi, sem háttvirt efri deild leiddi það inn í.

Þegar bankastjórnin sá, að 3. bankavaxtabrjefaflokkurinn var að þrotum kominn, fanst henni nauðsyn að undirbúa 4. flokkinn, svo að fasteignalán stöðvuðust eigi. Það vita allir, að þetta er ekki gert í þágu bankastjórnarinnar. Það er aðeins aukið verk fyrir hana. Og það sættu líka allir að vita, að veðdeildirnar eru enginn hagar fyrir Landsbankann, þvert á móti aðeins baggi á honum. Og það er því ekki rjett, að gefa í skyn, að þetta sje aðeins gert fyrir bankastjórnina eða Landsbankann, eins og kom fram í umræðunum í efri deild.

Reynslan hefur orðið sú ár eftir ár, að bankinn hefur orðið að lána út á veðin, og sjálfur að kaupa bankavaxtabrjefin og reyna síðan að selja þau, eftir því sem bezt hefur gengið. Reynslan hefur sýnt, að þetta er alveg ómögulegt fyrirkomulag, og á þingi 1909 var landsstjórninni líka heimilað eftir tillögum eldri bankastjórnarinnar, að taka 2 miljóna kr. lán, til þess að kaupa fyrir veðdeildarbrjef, en af láni þessu er óteknar enu 250 þús. kr., af því að lánið hefur ekki enn fengizt. Og með því að halda áfram þessa braut, þá verður veðdeildin þjóðinni að engu líði. Veðdeildin getur ekki selt brjefin erlendis í *smáhlutum*, eins og margsannað er af undanfarinni margra ára reynslu. Og eins og stendur nú, þá vita allir, að lánskjörin ytra eru nú mjög örðug, og því er erfitt fyrir landssjóð að leggja fram tryggingarfje fyrir veðdeildina, ef sama fyrirkomulagi yrði haldið áfram og áður. Sje lítið til þess, hvernig þessu hefur verið hagað, þá hefur Landsbankinn orðið að leggja fram  $\frac{1}{6}$  hluta af upphæð veðdeildanna, sem tryggingarfje í arðberandi skuldabryfum. Þetta var svo um 1. og 2. fl. og  $\frac{1}{2}$  3. fl., en þá tók landssjóður við. Það er auðsætt, ef þessu er haldið áfram, þá eru þetta mikil fjárframlög fyrir bankann eða landssjóðinn. Og það er mjög svo æskilegt, að hægt sje að losna við þau framlög, því þau skapa líka  $\frac{1}{6}$  hærri skuldir við útlönd, en þörf er á, þar sem tryggingarfjeð verður líka að takast að láni.

Bankastjórnin fór því að leita að öðrum leiðum, og leiðin varð sú, að fara að dæmi Dana, sem eru fyrirmyndarþjóð í því að tryggja sjer ódýr útlend lán, og að haga lögum sínum þar eftir; meira að segja svo mikil fyrirmyndarþjóð, að aðrar þjóðir hafa lært af þeim lánsfjelaga fyrirkomulagið (Kreditforeninger).

Bankastjórnin fer því hjér fram á, að horfið sje frá því fyrirkomulagi, er hingað til hefur verið á veðdeildinni, og snúð

á líka braut, og farin er í lánsfjelögum Dana (Kreditforeninger). Þó treysti bankastjórnin sjer ekki að leggja til, að þessu fyrirkomulagi væri fylgt út í æsar. Hún treysti sjer þannig ekki til að ráða til þess, að veðdeildin yrði flokkuð þannig, að jarðir, verzlunarhús og íbúðarhús væru lánsdeild út af fyrir sig, svo að þrenn bankavaxtabrjef yrðu á boðstólum erlendis, því það fyrirkomulag mundi hefta alla sölu brjefanna, og þannig að sameiginlega ábyrgðin jarðeigenda næði aðeins til lána út á jarðir o. s. frv. Landið er svo fáment, að bankastjórnin sá sjer ekki annað fært, en hafa öll lán og veð í þessum veðdeildarflokki í einni heild.

Tryggingar lánsfjelaganna dönsku eru þessar, 1.: veðskuldabryefin, sem gefin eru út fyrir lánuum og minst 2% í varasjóð af hverju láni um leið og það er tekið. Og 1% af eftirstöðvum hvers láns, er eigendaskifti verða, nema eignin gangi í arf. Sameiginleg ábyrgð allra lántakanda fyrir *öllum lánum*, sem veitt eru. Allar fasteignirnar standa að veði upp í topp fyrir öllum lánuum og sameiginleg ábyrgð lántakendanna sjálfra persónulega.

Lánsfjelögin fá ekki neina rikissjóðsábyrgð, en verða sjálf að sjá fyrir tryggingunni að öllu leyti. Hjer er sameiginleg ábyrgð lántakenda ekki nema 10% af lánsupphæðinni, eins og hún er á hverjum tíma. En þar sem hjer er aðeins sameiginleg ábyrgð á 10% af lánsupphæðinni, eins og hún er á hverjum tíma, þá er ábyrgð landssjóðs nauðsynleg, enda gert ráð fyrir henni í frumvarpinu.

Hjá dönsku lánsfjelögunum greiðir lántakandi varasjóð minst 2% af lánsupphæðinni um leið og hann fær lánið og við hver eigendaskifti 1% af lánsupphæðinni, og loks 50 aura fyrir hvert smáverðbrjef, er stofnunin skiftir fyrir menn fyrir stærri brjef. Og alt er þetta gert til þess eins, að reyna að tryggja varasjóðinn sem allra

best. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er bygt á þessum grundvelli. Fyrst hugsaði bankastjórnin sjer, að fara alveg sömu leið og lánsfjelögin dönsku, til þess að tryggja sjer að brjefin seldust á útlendum markaði, en hún þorði það ekki, því hún vissi, að það mundi mæta svo mikilli mótspyrnu hjer í þinginu. Þjuggumist vjer við, að reynt mundi verða að gera einhveru hvell úr þessu nýmæli.

Jeg bjóst við, að þeir mundu tala mest um Ólaf konung, sem hvorki hefðu heyrð hann nje sjeð, að þeir, sem minst vit hefðu á málinu, mundu gera sig mest gildandi.

Og þessvegna er málið komið í sameinað þing. Hv. 6. kgk. var svo gætinn í efri deild í gær, að taka það fram, að hann hefði lítið vit á bankamálum, en það taldi hann sig þó sjá, hver harðýðgi það var af bankastjórninni, að leggja til, að lántakendur bæru 10% sameiginlega ábyrgð af lánunum. Hv. 3. og 6. kgk. mundu sem sje ekki eftir því, að stjórnin 1907 innleiddi þessa „harðýðgi“, með lögum um Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins. Sátu báðir þessir hv. þm. þá á þingi og höfðu hvorugur neitt við þetta ákvæði að athuga.

Hvað veldur nú þeseum skoðanaskiftum?

Og frv. hefur sætt nógu mikilli mótspyrnu, þó við höfum farið svona gætilega og borið svona mikla umhyggju fyrir lántakendum landsins.

Berum nú saman harðýðgiskjör þau, sem þetta frumvarp veitir lántakendum, við þau kjör, sem tíðkast hjá dönskum lánsfjelögum.

Það er fyrst, að Danir verða að setja *aleigu stna* að veði, ekki einungis fyrir sínum skuldum, heldur og allra annara skuldum, sem skulda lánsfjelaginu.

Frumvarp þetta leggur lántakendum á herðar, að standa í sameiginlegri ábyrgð fyrir aðeins 10% af láni sínu á hverjum

tíma, og kemur þannig alls ekki til neinnar persónulegrar ábyrgðar. En lánds-sjóðnr er látinn taka upp á sig 90% af sameiginlegri tryggingu þeirri, er veðin veita.

Þetta gerir rikissjóður Dana ekki fyrir lánsfjelögin.

Frumvarp þetta leggur lántakendum á herðar að greiða 1% í varasjóð, um leið og lánið er tekið. En dönsku lánsfjelögin taka minst 2% af láninu í varasjóð.

Frumvarp þetta ætlast til, að 1% gangi til varasjóðs, ef eigendaskifti verða vegna sölu. Dönsku lánsfjelögin *taka það sama*.

Og um þetta smáatriði stendur deilan og um 10% samábyrgðina.

Menn sjá hjer af, að frumvarp þetta veitir lántakendum miklu betri kjör, en lántakendur í Danmörku njóta.

Og samt er bankastjórn landsbankans smánuð fyrir að bera enga umhyggju fyrir lántakendum, og tveir kgk. þingm., háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) og háttv. 6. kgk. (G. B.) hnyta í hana fyrir harðýðgi í garð lántakenda.

Þegar nú þessar upplýsingar eru gefnar, þá vona jeg, að *allir óhlutdrægir menn og sæmilega skynsamir* viðurkenni það, að stjórn landsbankans hafi orðið fyrir ómaklegum árásum og tortryggni í Ed. í gær.

Og jeg vona, að þær upplýsingar leiði margan háttv. þingmann út úr því vöndarhúsi, sem *vadallinn* hafði teymt þá inn í, og láti frv. komast óskaddað út úr þinginu.

Hjer verða menn að greina á milli tveggja gagnólíkra aðferða.

Veðdeildirnar hafa hingað til verið í veðbankaformi. En þessi veðdeild á að vera í *lánsfjelagsformi* (þ: „Kreditforening“).

Grundvöllurinn er því alt annar, og því hafa menn sennilega ekki áttað sig á.

Þá koma breytingartillögurnar. Þær eru öldungis hinar sömu, sem áður hafa verið bornar fram, og það fyrir þá sök,

að búið er að sýna og sanna, að lands-  
sjóður getur ekki, eins og að undanfögnu,  
keypt brjef þessarar deildar, og bankinn  
getur ekki keypt þau heldur, og að  
hankinn verður að fá heimild til að  
semja um að selja slumpa fyrirfram, eða  
jafnvel alla deildina, ef nokkur von á að  
verða um sölu.

Það er örðugra að selja lítið í einu, t.  
d. 50 eða 100 þúsundir, en 5 miljónir.  
En ef um 10 miljónir væri að ræða, þá  
gengi það greiðlegar, og það er fyrir þá  
sök, að ómakslaunin til umboðsmanna eru  
svo lítil, þegar um smáa upphæð er að  
ræða, að þeir vilja ekki selja. Það að  
vilja fyrirbyggja, að bankastjórnin geti  
selt fyrirfram, er sama sem og að fyrir-  
byggja, að Ísland geti fengið lán.

Ef þessi heimild fæst ekki, þá þýðir alls  
ekki að setja deildina á stofn.

Frumvarpið getur ekki staðizt eins og  
Ed. samþykkt hefur það. Ef 11. gr. er breytt,  
þá þarf líka að breyta 13. gr.

Tillagan við 11. gr. fer fram á að  
 tryggja varasjóði nauðsynlegar tekjur, og  
til að taka skatt af húsabráski. Það er  
sama upphæðin, sem lánsfjelögin dönsku  
taka.

Ef þessi tillaga nefndarinnar í 11. gr.  
er ekki samþykkt, þá verður líka að breyta  
13. gr., því að þar er einmitt vitnað til  
þess atriðis í 11. gr., sem Ed. hefur num-  
ið burtu. En þetta hafa hinir háttv. kgk.  
ekki athugað.

Frumv. getur því ekki staðizt, nema  
tillaga nefndarinnar sje samþykkt.

Svo er loks eitt stríði, sem jeg vildi  
minnast á.

Þegar svona frv. er samið, þá er verið  
að búa til vöru fyrir erlendan markað,  
en það hafa menn ekki látið sjer skiljast  
í þessu efai. Íslendingum er farið að  
skiljast það í öðrum efnum, hvort sem  
það er ull, kjöt eða fiskur. Þar gera  
menn sitt til að bæta afurðirnar. En  
hvernig stendur á því, ef menn vilja ekki

vanda þessa vöru líka sem bezt? Það  
er þó alveg komið undir gæðum þessarar  
vöru, eins og annarar, hvernig hún selst.  
Það er skylda þingsins, að gera brjefin  
sem bezt úr garði, svo að þau seljist  
sem bezt á erlendum markaði. Ef það  
er ekki gert, seljast brjefin með lægra  
verði, og hver verður svo afleiðingin,  
hver ber tapið? Það verður lántakand-  
inn á Íslandi að bera.

Þetta hafa dönsku lánsfjelögin skilið.  
Þessvegna hafa þau ekki einblint á láns-  
kjörin inn á við, heldur líka hugsað um  
sölna út á við, að hún yrði sem hag-  
kvæmust, — að sem mest fengist þar  
fyrir brjefin.

Jeg vona, að breytingartillögurnar verði  
samþykktar. Jeg finn ástæðu til að geta  
þess, að annars finst mjer frv. geti ekki  
staðizt, og greiði þá atkvæði gegn því í  
heild sinni, ef brtill. ná ekki fram að  
ganga.

Jeg óska, að nafnakall verði viðhaft.

Að endingu leyfi jeg mjer að þakka  
háttv. 2. kgk. (E. Briem) fyrir það, hve  
stór-heiðarlega og lipurlega hann hefur  
komið fram í þessu máli, og öðrum mál-  
um bankans á þinginu.

Sömu þökk gæti jeg og flutt öðrum  
háttv. kgk. þingmönnum, nema þessum  
tveimar (Stgr. J. og G. B.).

Steingrímur Jónsson: Jeg verð að  
segja að jeg get ekki vel skilið, hver lífs-  
nauðsyn var fyrir hv. 1. þm, G.-K., að  
halda þenna mikla og háværa bankafyrir-  
lestur.

Hitt skil jeg vel, að hann notaði þenna  
stað og þetta tækifæri til að koma fram  
með ómakleg og óverðskulduð ónot til  
tveggja kgk. þm., um leið og hann fór  
með ýmislegar rangfærslur.

Hann sagði að Ed. hefði óskapast á-  
kaflega yfir ákvæðinu um 10% ábyrgð  
lántakanda, en þetta eru vísitandi rang-

færslur. Deildin mintist mjög lítið á þetta atriði, og það var einmitt samþykkt.

Önnur rangfærsla hans var líka jafu vitanlega framborin gegn betri vitund, að frsm. í báðum deildum hefðu mælt með frv. óbreyttu, eins og það kom frá flutnm.

Þetta var ekki rjett. Þegar þetta mál kom frá Nd., reyndi nefndin í Ed. að athuga það af itrasta megni, og hún hafði þar góðan liðsmann, þar sem var 2. kgk. Eftir að nefndin hafði rætt málið ítarlega, varð niðurstaðan sú, að ganga inn á fyrirmælin um 10% ábyrgðina, en landssjóður ábyrgðist 90%. En að öðru leyti þótti frumvarpið svo óaðgengilegt, að varla væri gerlegt að samþykkja það án breytinga. Þessvegna kom og fram breyttill. á því. Fór það svo til Nd., en hún sendi það til baka að mestu leyti eins og það var í fyrstu, en hafði þó heldur lagað það t. d. í 10. gr.

Tveir nefndarmanna gátu þá ekki enn gengið að því, en þeir ljetu tilleiðast, mest fyrir þá sök, að þeir álitu frv. hafa svo mikið fylgi í neðri deild, að arangurslaust væri að gera frekari breytingar á því.

Jeg var annar þeirra tveggja í nefndinni, sem breyta vildi frv., og hefur meðflutnm. minn að brtill. nú, eins og eðlilegt er, einnig orðið fyrir reiði hv. 1. þm. K.-G. Tillögur vorar voru samþ. af hv. efri deild, eins og eðlilegt var, og jeg vona einnig þær verði samþyktaðar hjer.

Það kann satt að vera, sem flutnm. hefur sagt, að ástæða sje til að skapa áðlitlega vöru á útlendan markað, en menn verða þó að gæta þess, að gera þessa nýju lánsstofnun ekki alt of óaðgengilega inn á við fyrir lántakendur. Ef bankavaxtabrjefin verða ekki útgengileg með þessu, að landssjóður ábyrgist 90% og lántakandi 10%, þá getur það ekki verið tryggingunni að kenna, heldur hljóta orsakirnar að liggja í því, að kaupendur treysta því ekki, að lánin verði skynsamlega veitt. Jeg hygg ekki úr þessu bætt,

þó að varasjóður aukist. En að fara að leggja á 2% gjald til varasjóðs í hvert skifti, sem allar sölu fara fram, yrði eftir nokkur ár sama sem að innleiða skatt, sem næmi frá  $\frac{2}{5}$  upp í  $\frac{1}{2}$ %. Og því á nú endilega að fara að leggja þann skatt á fasteignirnar, til að láta hann renna í veðdeild Landsbankans? Það er svo óeðlilegt og ósanngjarnt, að það má ekki standa í lögnum. Því má ekki heldur láta þennan skatt renna í landsjóð?

Þá er eitt annað atriði. Að bankastjórnin megi velja um, hvort heldur hún afhendi lántakanda brjefin, eða greiði fyrir þau það verð, sem hún getur fengið fyrir þau. En þegar bankabrjefin hafa ekkert fastákveðið kauphallarverð, þá sje jeg ekki betur, en að bankinn geti tekið þau fyrir hvað sem hann vill gefa fyrir þau, og þetta atriði er mjög óviðkunnanlegt að standi í lögnum. Jeg get ekki viðurkennt, að ástæðurnar sjeu á röknm bygðar.

Jeg álit varhugavert, að selja mikið af þessum brjefum í senn, þó að hægt væri. Finst, eins og hjer sje verið að ýta undir fyrir fram sölu eða spekulátion með brjefin, sem gæti orðið hættuleg. Getur verið að mjer fróðari menn hafi aðra skoðun. Mjer vitanlega er ekki hægt að selja þessi brjef út um heim, og þykist jeg hafa gert grein fyrir mínum ástæðum í því atriði.

Þar sem hv. 1. þm. G.-K. sagðist ekki geta greitt frv. í heild sinni atkvæði sitt, ef brtill. væri ekki samþyktað, þá get jeg sagt þvert á mói, að ef þær verða samþyktaðar, get jeg ekki greitt frv. í heild sinni atkvæði mitt. Þó mundi jeg líklega hafa gert það, ef jeg hefði haldið, að það væri bráðnauðsynlegt, til þess menn gætu fengið lán, en mjer er kunnugt um, að bankinn átti svo mikið af óseldum bankavaxtabrjefum í júnimánuði, að nægja mundi þangað til aukaping kæmi saman. Og jeg tel það miklu hyggilegra, ef brtill. ná fram að ganga, að fresta málinu þangað

til, því að frv. um þetta efni á að koma frá stjórninni.

**Einar Jónsson, 1. þm. Rv.:** Hv. þm. er ekki ókunnugt um, að jeg er á móti frv.; jeg ljét það greinilega í ljós um daginn, þegar málið var til meðferðar hjer í Nd.; skoðun mín á því hefur ekki breyzt síðan.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) ljét sjer þau orð um munn fara, að þeir, sem álitu óaðgengileg þau veðdeildarlán, sem boðin eru í þessu frv., gætu látið vera að ganga að þeim, og hætt við að taka lán. Jeg þekki ekki, að nokkur sje að taka lán að gamni sinn, heldur til einhverra nauðsynja sinna eða til þarflegra fyrirtækja. Það má því ekki setja lánskjörin svo erfið, að frágangssök sje að taka lánin. En svo má það heita hjer, þar sem fyrst eru þessir háu vextir, og þar að auki tekinn 1% af lánsupphæðinni í varasjóð; og þennan 1% á svo að greiða í hvert sinn, sem eignin, sem sett er að veði, kann að verða seld; og svo bætist við það, sem ekki er minst um vert: verðfallið á brjefunum. Það er auðsjeð, að hjer er alt svo í pottinn bíuð, að enginn vill lita við þessum lánun. Jeg hygg því, að það verði bankastjórnin ein, sem fær að hringla við veðdeildina, og að hún verði ekki til annars en til að baka landssjóði tap. Jeg tel það því bezt ráðið, að steindrepa frv.; og sizt yrði það okkur til sóma að samþykkja annað eins og þetta. Þó mjer verði núið því um nasir, að mig skorti þekkingu á þessu máli, þá er að taka því. Jeg verð að lifa á minni þekkingu og hegða mjer eftir henni, en vil hvorki sækja þekkingu til háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) nje taka áminningum hans og ákúrum.

**Jón Ólafsson:** Herra forseti! Jeg ætla að leyfa mjer að segja nokkur orð út af ummælum háttv. 3. kgk. þm. (Stgr.

J.). Það var eitt, sem mjer heyrðist hann ekki herma rjett í ræðu sinni. Hann sagði, að þetta 1% gjald, sem gjalda á í varasjóð í eitt sinni, yrði líkt og ef  $\frac{1}{2}\%$  gjald væri lagt á allar fasteignir, sem veðsettar yrðu, þar sem búast mætti við, að lánað yrði út á hálfv virðingarverð þeirra. Jeg skal sýna, að þetta er ekki rjett. Fyrst og fremst er það fágætt, að lánað sje út á hálfv virðingaverð fasteigna, og í öðru lagi er við eigendaskifti ekki ætlazt til, að hundradsgjaldið sje heimtað af öðru en því, sem *óborgað* er þá af veðskuldinni, hvort sem það er mikið eða lítið. Auk þess verður sjálfsagt með þetta gjald eins og önnur gjöld, sem fasteignina snerta, það verður tekið tillit til þess við kaupin og söluna.

Eins og ýmsum fasteignasölum er hag- að nú, sýnist það skaðlaust, þótt þetta gjald sje lagt á, svo sem þegar fasteign 16000 kr. virði er seld og keypt fjórum sinnum sömu vikuna, eins og dæmi eru til, og það jafnvel án þess að einn eyrir sje fyrir greiddur í peningum eða gangeyri (seðlum), heldur tóm skifti á eignum, sem taldar eru tvöfalt meira en sannvirði. Það er engin ástæða fyrir löggjafarvaldið að vera að hlynna að slíku braski.

Óþarft er gjald þetta ekki, þegar þess er gætt, hvað það kostar að reka veðdeildirnar. Það er ekki hagur fyrir bankann, að hafa þær; hingað til hafa þær verið þung byrði fyrir hann, og getur það þó ekki verið tilætlunin.

Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) var mjög mótfallinn því, sem stendur í brtill. á þgskj. 882, að veðdeildin hafi jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bankavaxtabrjefin, að frádregnum öllum beinum kostnaði, og áleit, að þetta væri sama sem hún fengi vald til að borga bankavaxtabrjefin því verði, sem henni *þóknadist*. Þetta er ekki rjett, hún verður að borga þau því verði, sem hún sjálf *getur*



fengið fyrir þau. Þetta er nauðsynlegt, því að reynslan sýnir, að bankavaxtabrjefin hafa verið því nær óseljandi. Eini vegurinn til að koma þeim út, er að semja um sölu bankavaxtabrjefanna fyrirfram, og það er því að eins auðið með sæmilegu verði, að auðið sje að semja við einu og sömu stofnun um að kaupa öll bankavaxtabrjef seriunnar fyrir umsamið verð, en þá verður bankastjórnin líka að geta látið þau af hendi — öll, sem seriunni tilheyra — fyrir umsamið verð, þegar til kemur. Spurningin er því hjer þessi: Vilja menn gera bankanum mögulegt að stofna veðdeildina eða vilja menn það ekki? Ef menn vilja ekki sætta sig við þau kjör, sem veðdeildin getur boðið, eins og skilja mátti á háttv. 1. þm. Rang. (E. J.). Þá er ekki um neitt að tala. En vilji menn fá peninga frá útlöndum, þá verða menn að sætta sig við þetta; og neyðarkjör eru það ekki, því að það er líklega ekkert land í heimi, þar sem fasteignaveðlán eru jafn ódýr og hjer. Háttv. 3. kkg. (Stgr. J.) vildi fella frumv., fremur en að það væri samþykkt með brtill.; honum þótti ekki liggja á, þar sem í júlí hefðu verið óseld 260000 kr. af bankavaxtabrjefum, taldi það mundi nægja, þangað til næsta þing hefði afgreitt málið. Það er satt, að um þetta leyti munu hafa verið í höndum bankans veðdeildarbrjef fyrir um 260,000 kr.; en þá þegar hafði verið lofað af þeim um 100,000 kr., og nú mun ekki vera eftir ólofað nema 100,000 kr., og það er ekki meira en til að fullnægja einum tveim nokkuð stórum lánum, ef svo ber undir. Þá er alt þrotið og stöðvun komin á veðdeildarlánum. Um þetta verða háttv. þm. að hugsa og haga sjer eftir því. Menn verða líka að að athuga, að það getur liðið langur tími — ár eða meira — frá því lögin eru samþykkt á þingi og þar til búnið er að koma á sölusamningi og fá fje í hendur. Jeg skil ekki annað, en háttv. 3. kkg.

(Stgr. J.) hljóti að sjá, að það er *bráð-nauðsynlegt*, að málið fái að ganga fram á þann hátt, að *auðið sje að selja* veðdeildarbrjefin. Ef brtill. á þgskj. 882 er ekki samþykkt, viljum vjer meðmælendur frv., að það falli, og munum greiða atkvæði móti því, því án brtill. verða lögin þýðingarlaus pappírslög, og ekki annað upp úr þeim að hafa en prentunarkostnaðinn.

Ræða háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) var þannig vaxin, að henni þarf ekki að svara fremur en vant er um það, sem hann segir. Það sýndist, sem hann hjeldi, að bankastjórnarnir vildu fá þessa veðdeild til að hafa eitthvað, að gera. En jeg fullvissa háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) um, að þeir hafa meira en nóg að gera án hennar. Jeg gleymdi að minnast á það, að háttv. 3. kkg. (Stgr. J.) þótti það varhugavert, að leyfa bankastjórninni að selja bankavaxtabrjefin fyrir fram í einu lagi. Það sje jeg ekki; enda langlíklegast, eftir því, sem reynsla er fyrir, að þeir geti *alls ekki* selt þau með neinu öðru móti. En með þessu móti helzt von í, að geta selt þau *sæmilega*. Og ekki mun háttv. 3. kkg. (Stgr. J.) þurfa að óttast, að bankastjórnin kasti þeim út fyrir gjafverð. Hjer er einungis verið að hugsa um, að bankastjórnin geti selt brjefin sem bezt, og henni er fulltreystandi til að leitast við að gera það, enda þarf samþykki ráðherra til sölunnar, og það hlýtur þingið að telja góða trygging. Jeg enda svo mál mitt með því, að láta í ljósi þá von, að þingið samþykki breytingartillöguna og síðan frv., eða felli það að öðrum kosti.

**Guðmundur Björnsson:** Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) bygði alla sina röksemdaleiðslu á því, að hann ætlaðist til, að veðdeildin væri sniðin eftir dönsku fyrirkomulagi. Hann sagði, að Danir væru fyrirmyndarþjóð í peningamálum. Það er í fyrsta sinn, að jeg heyri, að Danir sjeu fyrirmyndarþjóð í peningamálum. Það

hlýtur að vera alveg nýtilkomið. Jeg veit, að Danir eru merk þjóð og standa fram- arlega í ótal mörgu. Hitt veit jeg líka, þótt jeg sje ekki bankastjóri í landsbanka Íslands, að í peningamálum standa sumar þjóðir margfalt framar Dönum. Jeg varð þess var, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) stóð í gær á gægjum í Ed., meðan um- ræður voru þar um þetta mál. En það var auðheyrt á ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) áðan, að sumt hefur honum mis- heyrzt af því, sem þar var sagt, og sumt hefur hann alls ekki heyrt. Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) hefur leiðrjett misheyrnirnar; en hann mintist ekki á það, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) virðist alls ekki hafa heyrt. Jeg vona, að þeir háttv. þingm., sem hlustuðu á umræður í Ed. í gær, játi því með mjer, að háttv. 2. kgk. (E. Br.) lýsti yfir því, að hann vildi samþykkja frv. óbreytt, af því e'nu, að það hefði haft svo mikið fylgi í Nd., að ekki mundi vera til neins að fara að breyta því aftur í Ed. Þá er að m'nnast á brizglyrði háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) til mín, — því brizgl áttu það auðsjáanlega að vera — þegar hann sagði, að jeg hefði 1907 verið samþykkur samskonar ákvæðum þeim, sem jeg væri nú á móti. Það má vera, að þetta sje satt; jeg skal ekki rengja háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um það, þótt staðhæfingar hans sjeu að visu ekki æfin- lega ábyggilegar. Jeg get t. d. ekki gleymt þeirri staðhæfingu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að Danir sjeu fyrirmyndar fjár- málalþjóð; háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) befur líklega með þessu ætlað að fræða okkur um, að hann væri sjálfur fyrir- myndar fjármálamaður, þar sem hann er nú farinn að ganga í skóla hjá Dönum. Ójá, margt skeður á langri lífsleið! Það vita flestir nú orðið, hvað upplýsingar og staðhæfingar háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) í ritsímamálinu reyndust ábyggilegar. Og nýlega hefur sami háttv. þm. (B. Kr.) ætlað að leiðbeina þingi og þjóð með

upplýsingum og staðhæfingum í jarn- brautarmálinu. Bara að þær reynist ekki viðlíka staðgóðar og símaspárnar hans! Og ætli að upplýsingar háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) í þessu máli sjeu ekki eitthvað svipaðar fyrri fróðleik hans hjer á þingi. Jeg skal svo segja háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) frá því, hvernig á því stendur, að jeg ljét þetta veðdeildarmál afskifta- laust 1907, en skifti mjer af því núna. Jeg bafði þá ekki haft eins mikil kynni af þjóðinni, eins og nú orðið. Síðan hef jeg ferðast um landið þvert og endilangt, og hvar sem jeg hef komið, og lands- bankinn hefur borið í tal, þá hefur hver- vetna, hjá rikum og fátækum, komið fram megnasta óánægja yfir þeim ókjör- um, sem þeir verða að sæta, er lán þurfa að fá út á jarðir eða hús. Það er nú svo komið, að búast má við, að ekki fá- ist nema 92 krónur fyrir hvert 100 kr. bankavaxtabrjef, og ekki að vita nema þau falli enn meira. Því það er eitt af afrekum hinnar nýja bankastjórnar, að brjef bankans hafa alt af verið að falla, síðan hún tók við. En þó ekki falli þau meira en svo, að merja megi þeim út fyrir 92%, þá er ekki glæsilegt, að þurfa að taka lán upp á þá kosti. Setjum svo, að bóndi, sem á jörð virta á 4000 kr., komi í bankann og vilji fá út á hana veðdeild- arlán. Hvað fær hann svo þar? Við skulum gera ráð fyrir, að hann eigi að fá lán út á hálf virðingarverð hennar, eða 2000 kr.; en hvað gengur svo frá þessum 2000 kr. Fyrst eru það 8% afföll á bankavaxtabrjefunum, því næst 1% af lánsupphæðinni í varasjóð, og loks vextir greiddir fyrirfram fyrir fyrsta árið minst 5%; þetta er samtals 14%, og svo bæt- ist þar við lántökukostnaðurinn, sem oft er yfir 1%. Það getur því hæglega farið svo, að fyrsta árið verði hann að borga 15% eða þaðan af meira af þessu ó-láni, sem hann fær í veðdeildinni.

Þeir eru ekki svo skyni skropnir, að

þeir ekki skilji, ef sagt er, að peningarenta sje svo og svo há í bönkum erlendis. Og þeir vita, að ef þeir ætla að fá lán, þá er tvent, sem fyrst er spurt um, tryggingin og arðsemin. Peningamegnirir lita meira á trygginguna en vaxtahæðina, og vilja fremur setja peninga sína í þau fyrirtæki, þar sem tryggingin er góð, þótt vextirnir sjeu minni. Og við vitum það, að jarðeignirnar okkar og húsin eru bezta tryggingin, miklu betri trygging, en nöfn allra Þjetra og Pála, sem skrifa nöfnin sín á vixlana og sjálfskuldarabyrgðina. Við erum altaf að bisa við að selja útlendingum þessi islenzku verðbrjef, en það er sama og að selja útlendingum landið okkar, og það verður þá hlutverk hinnar komandi kynslóðar að kaupa það aftur. Það getur verið gott og blessað að leiða útlenda peninga inn í landið, en það getur líka verið hættulegt. Ef báðir hagnast á því, útlendi auðmaðurinn og islenzki lántakandinn, þá er það gott; en ef auðkýfingurinn hefur allan hagnaðinn, þá verður bara landið okkar að fjeþúfu erlendra auðkýfinga. Og eitt get jeg sagt hv. 1. þm. G.-B., og með fullri vissu, að eftir því sem jeg þekki bændastjettina islenzku, þá unir hún ekki til lengdar við þau þröngu lánskjör, sem hún verður að þola. Og ef landið getur ekki útvegað henni fje til framkvæmda með betri kjörum, munu þau orð mín sannast, að þjóðin verður bráðlega að fá sjer nýja landsstjórn, nýja landsbankastjórn og nýtt alþingi. Jeg hygg nú samt fyrir mitt leyti, að við vinnum ekki við að skifta um landsstjórnina, og vafasamt um banka- stjórnina, og hver einstakur alþingismaður er fullviss um, að landið græði ekki á að skifta um, og taka annan í hans stað.

Jeg vil leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá svohljóðandi:

„Í því trausti, að landsstjórnin í samráði við stjórn landsbankans búi þetta „mál betur undir til næsta þings, tek-

„ur sameinað alþingi fyrir næsta mál á „dagskrá.“

Eiríkur Briem; Út af orðum hv. 6. kgk., vildi jeg taka það fram, að frsm. í málum verða að bera fram ástæður nefndarinnar, þótt þær falli kannske ekki að fullu saman við þeirra persónulegu skoðanir. Þótt jeg ekki gerði neinn sjerstakan ágreining, þá lagði jeg meira í sum atriði, en minna í sum, en samnefndarmenn mínir, eins og þeir munu kannast við. Og þegar málið kom breytt til Ed., þá líkuðu mjer að visu ekki breytingarnar allskostar, en taldi þó ástæðu til að að leggja til, að frv. yrði samþ. eins og það kom.

Hv. 6. kgk. sagði dálítið of mikið, þegar hann sagði, að jeg hefði sagt, að jeg hefði persónulega á móti þessu frumv. Þetta er ekki rjett, en jeg tók fram, viðvikjandi brt. á 11. gr., að árangurslaust væri að halda henni fram. Þó leiddi jeg ekki hjá mjer að taka fram, viðvikjandi fyrirframsölnunni, það athugaverða, að seinna gæti brjefin hækkað. En ekki er jeg í vafa um, að hægra er að fá meira fyrir brjefin með því að selja þau fyrirfram í stórum stíl.

Jón Ólafsson: Háttvirtu forseti! Það var sitt hvað í ræðu hv. 6. kgk, þm., sem jeg vildi svara. Meðal annars tók hann óstint upp orð hv. 1. þm. K.-G.um, að Danir væri fyrirmyndarmenn i fyrirkomulagi bankamála og lánsstofnana. Ef hann hefur ekki heyrt þetta fyrri, þá er það af því, að hann, svo margfróður maður sem hann er, les annað meir en fjármálafræði. En jeg get sagt, að þeir þykja fyrirmyndarmenn í að setja upp fyrirmyndarstofnanir í þessum efnun, t. d. „Landmandsbanken“ og „Kreditforeningerne“. Og þetta er viðurkent um *allan heim*, og það svo, að próf. Frederiksen var fenginn til Ástralíu, til þess, að koma þar upp slofnun-

um með líku fyrirkomulagi. Og virðist það nægileg sönnun þess, að slíkar stofnanir Dana eru taldar fyrirmynd. En þótt þeir eigi einstaka rotna fjármálamenn eða einstöku rotin fyrirtæki, þá kemur það fyrir í öllum löndum, og snildarfyrirkomulag beztu stofnana getur ekki fyrirbyggt, að aðrar stofnanir ljelegar sjeu til í landinu. Þá þótti mjer hann nokkuð gamaldags, þegar hann sagði, að við gerðum okkur að leiguliðum útlendra auðkýfinga. Jeg held, að maður hafi heyrt þann són áður. Hann klingdi furðanlega í eyrum vorum um það leyti, sem Íslandsbanki var stofnaður.

Það er kynleg og merkileg sjón, sem jeg sje fyrir augum mjer og allir geta sjeð, sem ekki eru blindir. Hvar sem við litum, blasa við oss óprotlegar auðsuppsprettur þessa lands, og litt notaðar eða alls ekki. Þá miklu gullnámu, sjóinn, við strendur vorar, nota útlendingar miklu meira en vjer, af því að þeir hafa fje til þess, en oss brestur það. Og þó hafa þeir fáu Íslendingar, sem kraft hafa til að nota hann, tiltölulega meiri arð af honum, en útlendingarnir, því landinn fiskar meira og verkar betur fiskinn. Í grasrækt og heyskap erum vjer mörgum öldum á eftir timanum. Gullkista Íslands á landi, suðurlandsundirlendið, liggur litt notað og þá með fornaldaraðferð — nokkuð fyrir þekkingarleysi, en mest fyrir fjeleysi og fyrir hreppapólitik og skammsýni þjóðfulltrúanna.

Á hverjum þingmála fundi í hverju kjördæmi er ár eftir ár þingið beðið, að efla landsbankann og útvega fje inn í landið til nýtsamra atvinnufyrirtækja.

Það er fjeleysi, til að reka atvinnu sína, sem mest bægir alþýðu þessa lands. En þegar menn skortir gullið, þá verða þeir að kaupa það. Gullnámurnar íslenzku hafa ekki reynzt að geyma annað en tál og vonbrigði — sem við var að búast. En gullsins þurfum vjer, eða gjaldeyris, sem á því hvílir, þ. e. lánstrausts. En gullið

eða lánstraustið hefur sitt verð eins og annað. En vjer getum ekki ráðið verðinu á því; því ræður heimsmarkaðurinn. Og ef vjer þurfum lánstrausts, verðum vjer að kaupa það því verði, sem það er falt fyrir. Það fæst, ef nógu vel er gefið fyrir það. (G. B.: Gamla sagan um hljóðpipuna!) Hún á hjer ekki við, sagan sú, því að hljóðpipan var *glingur*. Fasteignalánskjör hjer á landi eru *alt of ódýr*. Hvergi í öllum heimi eru lán gegn fasteignum veitt svo ódýr sem hjer, það mjer er kunnugt. Þó menn yrðu að borga 6% árlega af þeim eða vel það, þá væru það vildarkjör. Það, sem bagar mönnum hjer, er það, að peningar *fást alls ekki* eða þá *alls ónógir*, en alls ekki vaxtahæðin nje afborgunarkjörin. Fje, sem varið er til arðsamra fyrirtækja, gefur svo mikinn arð hjer á landi, að vel er tilvinnandi að borga 6% og vel það. Annarsstaðar í heiminum er víða borgað 8%, 10% og 12% í vöxtu af fje. Það, er hvervetna svo, að þar sem gæði lands og lagar, auðsuppsprettur lands eru *litt notaðar*, þar standa menn sig við að gefa hæsta vöxtu, og svo er einmitt hjer. Það, sem fyrst er á að líta fyrir lántakandann, er það, hvern arð lánsfjeð getur gefið honum. Eftir því, hvern arð peningarnir geta gefið lántakanda, skynsamlega notaðir, eftir því (og því *einu*) fer það, hvað háa vöxtu hann stendur sig við að borga.

Jeg hef einu sinni tekið 80 kr. til láns í 15 daga, og borgað 40 kr. fyrir; það eru 50% í 15 daga, sama sem 100% um mánuðinn eða 1200% um árið. Þetta voru dýr lánskjör. En jeg hefði tapað 800 kr., ef jeg hefði ekki fengið fjeð, og græddi því 760 kr. á því að fá það, þótt með þessum kjörum væri.

Þeir menn, sem vilja fá lán, til svo arðlitilla fyrirtækja, að þeir geta ekki staðið sig við að svara 6% að minsta kosti af lánsfjenu, þeir *eiga alls ekki að taka lán* — og ættu helst ekki að fá það, að

minsta kosti ekki þá nema *stutt* lán í *bíl*.

Af þessum ástæðum er það, að hver bankastjórn og lánsstofnunarstjórn í heimi spyr ávalt lántakanda um það, hvað hann ætli við fjeð að gera. Það er alstaðar talið sjálfsagt, nema hjer — af skilningsleysi fólksins á eðli lánstraustsins og tilgangi lánsstofnana, sem *á að vera* sú, að efla atvinnuvegi og velmegun landsmanna. Það er auðvitað, að sjeu peningar af skornum skamti, þá vilja lán-takendur heldur láta fje í þeirra hendur, sem verja því til arðsamrar framleiðslu, heldur en í hendur braskara og spekulanta, þótt trygging sje næg, hvað þá heldur til þeirra, sem sýnilega ætla að jeta þá upp.

Og það er nóg af þeim mönnum hjer í landi, sem þurfa á peningum að halda til arðsamrar framleiðslu. Alstaðar kveður við kvörtunin um peningaleysi. Og hvaðan eiga peningarnir að koma? Þeir spretta ekki upp úr gólfunum í hönkunum. Þeir verða að koma frá þeim, sem hafa peninga aflögum og fást til að lána þá; en um þá er lítið hjer í landi, eins og í öllum löndum, sem annað hvort eru nýbygð eða hafa auðsuppsprettur, sem eru lítt notaðar. — Með öðrum orðum: Þeir *verða* að koma frá *útlöndum*. Svo hefur það verið og er hvervetna, þar sem eins stendur á. Allir bankar í Bandaríkjunum voru upphaflega annaðhvort eign útlendinga eða störfuðu með útlendu fje. Allar járnbrautir þar í landi voru upphaflega bygðar fyrir lánsfje frá Evrópu. Sama er um Brasilíu, um Argentínu, og um mörg önnur lönd. Allar þjóðir hafa verið um eitt skeið, og margar eru enn, skuldunautar útlendinga. Því fylgir engin hættu, þar sem fjenu er varið til arðsamra fyrirtækja. Innlendir menn auðgast við lánsfjeð og leysa smámsaman til sín útlendu hlutabryfin og útlenda fjeð.

En hjer á landi eru til menn, aðallega embættismenn og aðrir, sem lifa á föstum launum og hafa sitt á þurru — þurfa lítt á lánsfje að halda, og þessa menn blindar láns-gullið, eins og sólin blindar uglurnar. Þeir æpa um, að vjer verðum „skuldaprælar útlendra auðkýfinga“, og að vjer sama sem „seljum undan okkur landið okkar“, ef vjer fáum útlent fje í lánsstofnanir vorar, til að lána út á jarðir. Þetta er misskilningur fullkominn; eigendur veðdeildarbrjefa, útlendir sem innlendir, eiga ekkert tilkall til jarðanna; það er *bankinn*, sem borgar út hvert veðdeildarbrjef, jafnótt sem það er dregið út til greiðslu. Standi lántakandi eigi í skilum, lætur bankinn selja jörðina (eða leggja sjer hana út og selur hana svo undir hendinni) og þá kaupa ávalt innlendir menn jarðirnar, menn sem kunna að láta lánið borga sig. — Nei, vilji útlendingar eignast landið okkar, þá geta þeir keypt það, og kaupa það, sem þeir vilja af fossu og jarðeignum tugum saman — og Geysi með! — án þess að veðdeild eða banki eigi þar nokkurn hlut að. Landinn er aldrei ófús að selja. Og vjer höfum engin lög til að hefta fasteignasölu til útlendinga.

En svo er annað, sem menn bera fyrir sig: að lántakendur kunni ekki með fjeð að fara — sólundi lánsfjenu og tapi svo á því — verði öreigar. Hver getur aðgert? Vjer höfðum áður, og höfum að nokkru leyti enn, lög um *okur*, svo kallað, lög, sem bönnuðu að taka hærrí en tiltekna vöxtu af lánsfje — og banna þetta enn, að því er til fasteignalána kemur, öllum nema bönkum og sparisjóðum. Hvað gagnar það? *Hvað lágir* sem vextir eru, verða óspilunarmennirnir óspilunarmenn, og fara á hausinn. Ráðleysi manna verður ekki læknað með lögum. Jafnvel ekki þótt *öll* lán yrðu bönnuð. Nei, þeir sem ekki kunna með fje að fara, *verða* að brenna sig. En væri nokkurt

vit í því, að meina fyrir það atorkusömum og fjehygnum mönnum að fá lán fyrir það verð, sem þeir álíta sjálfir, að borgi sig að gefa fyrir það.

Vita þingmenn ekki, að svo að segja öll *verzlun* heimsins er rekin með *lánstrausti*, öll stórfyrirtæki heimsins, hafnarargerðir, eimskipafjelög, vatnsleiðslur í bæjum, gasleiðslur, rafurmagnsleiðslur, búnaðarbætur, járnbrautir og ótal fleira, er *alt* unnið *alstaðar* með *tómu lánsstrausti*.

Lánstraustið er fyrir atvinnufyrirtækin og allar verklegar framfarir það sama sem sólin með ljósmagni sínu og hita er fyrir jurtagróðurinn. Það er skilyrðið fyrir, að efnalegar framfarir geti orðið til og þróast. Villipjóðir einar geta án þess lifað.

Vilji þjóð vera menningarþjóð, verður hún að gera sjer eðli lánstraustsins ljóst, og læra að hagnýta sjer það.

Jeg vona, að vjer sýnum það í dag, að vjer viljum láta oss skiljast þetta.

Vona, að vjer sýnum þess merki í meðferð þessa frumvarps, hvort vjer erum því vaxnir, að teljast menningarþjóð eða ekki.

**Björn Kristjánsson:** Háttv. 1. þm. S.-Múl. hefur nú svarað svo mörgu af því, sem jeg annars hefði þurft að svara, og ætla jeg mjer því ekki að fara að taka það upp, sem hann sagði.

Ræða hins háttv. 6. kgk. (G. B.) var lík ræðu þeirri, er hann hjelt í gær í hv. Ed., þrungin af óvild til landsbankans og þó einkum stjórnar hans.

Hann fór að lýsa því, hve óheppilegar skoðanir mínar hefðu verið í landsmálum, og nefndi til ritsímamál og járnbrautarmál. Skoðanamismunur minn á símamálinu við andstæðinga mína var nú ekki meiri en sá, að jeg vildi semja við Marconi um þráðlaust samband hringinn í kringum land, og að leggja svo þræði inn

til dala; þannig kemst alt landið þegar í símasamband, sem það er ekki enn komið. Og að semjandi hafi verið við Marconi, sýnir, að alt brezka ríkið hefur þegar samið við hann um þráðlaust samband.

Um járnbrautina er eflaust bezt að tala sem minst. Þjóðin mun svara. Þá sagði háttv. 6. kgk. þm. (G. B.), að allir væru óánægðir með fasteignalánskjör í landsbankanum, þar væru brjefin nú keypt á 90 eða 92%. Sama hjelt hann fram í háttv. Ed. En þetta eru *bein ósannindi*. Landsbankinn hefur ekki enn þann dag í dag keypt eitt einasta bankavaxtabrjef undir 94%. Og sjálf Danmörk eða Þýzka-land gerir fasteignalántakendum ekki svo góða kosti. „Deutsche Reichsbank“ lánar nú t. d. lán sín fyrir 7% gegn 1. veðrjetti í fasteign.

Og þegar þessi óánægja er með landsbankann; hversvegna tekur Íslandsbanki þá ekki í taumana og hjálpar fólkinu? Hann fjekk heimild til að gefa út bankavaxtabrjef 1905, alt að 6 miljónum kr., en mun hafa aðeins gefið út 1 miljón. Hversvegna hjálpar hann ekki upp á sakirnar? Hann nýtur þó meiri rjettinda frá þinginu en landsbankinn, og hefur sömu skyldur við landsmenn að lögum.

Og hversvegna minnst háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) ekki á skyldur bankastjórnar þess banka?

Og hvers vegna minnst háttv. 6. kgk. (G. B.) ekki á það, að sjálfri landsstjórninni hefur ekki tekizt að fá 250 þús. kr. lán til veðdeildarbrjefakaupa?

Síðan jeg hlustaði á ræður háttv. 3. og 6. kgk. (Stgr. J. og G. B.) í gær í þessu máli, hef jeg verið að brjóta heilann um, hvað því gæti valdið, að þeir voru svo óvinveittir bankastjórn landsbankans, og þá sjerstaklega mjer. Í þau skifti, sem þeir hafa leitað bankans, hefur þeim verið tekið með kurteisi, og ekki einungis með kurteisi, heldur og velvild.

Jeg finn því enga sök hjá mjer, þar

sem jeg hef í engum illeilum staðið við þessa háttv. þm., nema ef vera skyldi þá, að jeg er ekki þeirra flokksmaður, að jeg hef aðrar stjórnmalaskoðanir en þeir, að jeg hef ekki verið neitt stjórnarpeð, sem tesla mátti fram og aftur, til hliðar og á ská og yfir höfuð í hvaða átt, sem vera vildi.

Sje nú þetta orsökinn, að landsbankinn, lífæð þjóðarinnar, eigi að líða fyrir þetta, sem jeg fullyrði ekki neitt um, þá er pólitíska ástandið orðið það forað, sem hver góður Íslendingur hlýtur að vilja losa sig við, og það sem fyrst.

Landsbankinn hefur reynt að greiða fyrir lántakendum eftir frekustu getu.

Í mínum augum eru jarðeignir beztu veðin, og er jeg sammála háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) um það, en það er alls ekki vist, að útlendingar, sem kaupa eiga brjefin, líti svo á. Það er eins líklegt, að þeir telji hús í kaupstöðum betra veð, þar sem landið er þekt sem fiskiveiðaland, en ekki sem landbúnaðarland.

Viðvíkjandi því, að visa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings, þá getur verið, að háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) þyki það bragðbetra, ef frumvarpið kemur þá leiðina, en jeg veit ekki til, að í stjórnarráðinu sje nokkur bankafróður maður, sem fær væri um að gera það betur úr garði.

Jeg sje ekki, að frv. græði neitt á því, að því verði visað til stjórnarinnar. Það hefur verið sagt, að verið væri að bisa við að gera landið fjárhagslega ósjálfstætt með því að taka lán til 20—30 ára, Landið verður ekkert fjárhagslega ósjálfstæðara fyrir það, þó við tökum slik lán. Við verðum ekki háðari af þeirri ástæðu, ef við stöndum í skilum. Annað mál er það, ef við erum að velta stórfje inn í landið, sem segja má upp hvenær sem skal, eða færum að taka útlend lán til fyrirtækja, sem ekki geta borgað sig, eins og t. d. til járnbrautarinnar.

Jeg finn enga ástæðu til þess að svara háttv. 3. kgk.; það stendur alt óhaggað. sem hann var að mótmæla. Jeg vil að lokum benda á, að svo framarlega sem frv. verður samþykkt, án þess að brtill. verði líka samþykktar, þá verður það slíkt ólán, að tæplega verður viðunandi; en að visa því til stjórnarinnar, svo vel undirbúnu máli, væri mesta fásinna.

**Guðmundur Björnsson:** Hæstv. forseti! Jeg má til að segja örfá orð um þrjú atriði í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.).

Hann fann að því, að jeg hefði bara talað um landsbankann, óánægju manna við hann, og ekki mintist á Íslandsbanka og hans veðdeild. Jeg veit vel, að margir eru óánægðir með þann banka líka, en jeg sje ekki, að það bæti neitt málstað landsbankans. Íslandsbanki kemur ekki þessu máli við; og við eigum, eins og vant er, að halda okkur að umtalsefninu.

Þá sagði háttv. sami þingmaður, að jeg hefði talað um úrræðaleyssi landsbankans, en þagað um það, að stjórninni hefði stundum ekki tekizt að fá lán, — rjett eins og það sje sjálfsagt, að hafi landsstjórnin engin nýtileg ráð, þá eigi landsbankastjórnin líka að vera ráðalaus.

Og loks var háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) að brigzla mjer og háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) um það, að öll okkar afskifti af þessu máli, væru sprottin af flokkshatri, af *óvild* til sín. En þar skjátlasf honum; þau eru einmitt sprottin af *velvild* — velvild til bankans; við vitum, að bankinn getur aldrei haft annað en óvirðingu af þessu vanhugsaða og misráðna veðdeildarbraski.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefði ekki átt að vera að bregða okkur um ókurteisi við sig; það var *hann* sem rjedd á okkur að *fyrirbragði* með *móðgandi ókurteisisorðum*, og þetta var svo lítið, sem jeg vjek að honum í staðinn, — það hefði getað verið miklu meira. Og ekki

hefur honum farið fram í kurteisinni siðan áðan, því að nú er hann að brígzla okkur um það, að við sjeum stjórnarpeð, og okkur sje leikið eins og peðum, bæði áfram og til hliðar og aftur á bak. Það hef jeg heyrt, að peðum sje leikið áfram og á ská, en að þeim sje leikið asturábak, þess hef jeg aldrei heyrt getið, nema alls einu sinni. Það var, þegar háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) var stjórnarpeð, þá var honum leikið asturábak — inn í landsbankann!

**Steingrímur Jónsson:** Hv. 6. kgk. tók að mestu af mjer ómakið við að svara hv. 1. þm. G.-K.

Hv. þm. G.-K. sagði, að alt stæði óhaggað, sem jeg hafði mótmælt. En á það mintist hann ekki, að ræða hans sjálfs var öll fyrir utan málið.

**Bjarni Jónsson, frá Vogl:** Með leyfi hv. forseta ætla jeg að láta vera að fara út í persónulegar illdeilur. Heldur ekki ætla jeg að taka þátt í deilunni um fjármálaspeki Dana. Jeg er svo vel staddur nú, sem stundum áður, að jeg fylgi ekki neinum algerlega að málum.

Jeg hef ekkert að athuga við það að bankastjórninni sje leyft, að selja brjefin fyrirfram.

Mjer finst vel trúlegt, að bankinn mundi geta selt alla veðdeildina, að minsta kosti ætti hann ekki að þurfa að liggja með brjefin svo lengi, sem nú tíðkast; og mjer finst líka tryggingin nægileg fyrir því, að bankastjórnin ekki „spekúleri“ með brjefin, þar sem áskilið er samþykki stjórnarinnar til sölunnar. Hitt get jeg ekki skilið, að nauðsynlegt sje að krefjast þess, að 1% sje borgað af lánnum í varasjóð veðdeildarinnar í hvert skifti, sem veðsett fasteign er seld. Mjer er óskiljanlegt, að nauðsynlegt sje að borga svo mikið til þess að fá varasjóð, og teldi rjettara, að borgaðir væri þá heldur 2% af lán-

inu, þegar það er tekið. Jeg skal ekki orðlengja þetta meir, nje mæla köpuryrði til nokkurs manns. Tíma þingsins er nú svo varið, að menn ættu nú ekki að vera að slá í óþarfa brýnur.

Það hefur verið sagt, að þessi aðferð, til þess að fá lán, væri sama sem að selja landið; það get jeg ekki fallizt á. Mjer finst það vera meðalið til sjálfstæðisefnalega, að taka fje til láns til arðvænlegra fyrirtækja. Og mönnum er svo mikil þörf á fasteignarlánnum, að þetta mál má ekki niður falla. Sú nauðsyn stýrir atkvæði mínu í þessu máli.

**Sigurður Eggerz:** Jeg skal ekki neita því, að jeg er dálítið hátiðlegur í anda, þegar jeg stend upp í þessum sal, því að það er í fyrsta skifti, sem það kemur fyrir mig.

Í þessum sal, þar sem svo margar göfugar hugsanir hafa svifið um á þessu sumri, í þessum sal, sem andi hrossakaupanna hefur aldrei rekið nefið inn í, þessum sal, sem fánatökunnar 12. júní var hefnt svo eftirminnilega.

Það eru tvær brtill. sem hjer eru aðallega til umræðu, en ekki ritsímamál og annað slíkt, sem umræðurnar hafa snúizt um. Jeg er á móti till., sem heimtar það, að menn borgi 1% af veðdeildarláni í hvert skifti, sem fasteignin er seld. Hjer er um verulegan skatt að ræða, sem snertir einnig þá menn óbeinlínis, sem nú hafa jarðir sínar veðsettar. Þingið verður að sýna gætni í þessum eilífu skattaálögum. Og hinsvegar sje jeg ekki betur, en að þessi nýja seria sje vel tryggð, þótt skattur þessi verði ekki heimtur. Jeg er á móti hinu atriðinu líka, að leyfa að „spekúlera“ með brjefin, því að það er „punctum saliens“ í málinu. Jeg efast ekki um það, að bankastjórnin mundi gera alt, sem í hennar valdi stæði til að selja brjefin sem hæstu verði, en nú er peningamarkaðurinn þannig, að litlar líkur eru á því, að sú sala



yrði til góðs, og gæti svo farið, ef peningamarkaðurinn breyttist til batnaðar, að stórtap yrði á brjefasölu.

En þótt jeg sje mótfallinn þessum brtill., þá mun jeg þó greiða atkvæði með frv. þó þær verði samþykktar, og atkvæði greiði jeg móti rökstuddu dagskránni.

Svolátandi dagskrá hafði verið borin upp:

„Í því trausti, að landsstjórnin í samráði við stjórn landsbankans, búi þetta mál betnr undir til næsta þings, tekur sameinað alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessir þingmenn óskuðu, að umræðunum væri hætt:

Hannes Hafstein,  
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,  
Einar Jónsson, þm. N.-M.,  
Július Havsteen,  
Pjetur Jónsson,  
Benedikt Sveinsson,  
Björn Þorláksson,  
Eggert Pálsson,  
Jón Jónatansson,

og var það samþykkt.

ATKV.GR. :

Hin rökstudda dagskrá var borin undir atkvæði og var feld með 29 atkvæðum gegn 6.

Brtill. 882, 1 samþykkt með 28 gegn 9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:

Nei:

Jóh. Jóhannesson,	E. Jónsson, þm. Rv.,
Ólafur Briem,	Guðj. Guðlaugsson,
Benedikt Sveinsson,	Guðm. Björnsson,
Bjarni Jónsson,	Kristján Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Pjetur Jónsson,
Björn Þorláksson,	Sigurður Eggerz,
Eggert Pálsson,	Steingr. Jónsson,
E. Jónsson, þm. N.-M.,	St. Stefánsson, 4. kgt.,
Eiríkur Briem,	Þórarinn Jónsson.
Guðm. Eggerz,	
Halldor Steinsson,	
Hannes Hafstein,	

Jón Jónatansson,

Jón Jónsson,

Jón Ólafsson,

Július Havsteen,

Kristinn Danielsson,

Lárus H. Bjarnason,

Magnús Andrjesson,

Magnús Kristjánsson,

Matthias Ólafsson,

Sig. Sigurðsson,

Sig. Stefánsson,

Skúli Thóroddsen,

Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

Tryggvi Bjarnason,

Valtýr Guðmundsson,

Þorleifur Jónsson.

Hákon Kristoffersson og Jósef Björnsson voru ekki viðstaddir atkvæðagreiðsluna.

Brtill. 882, 2 samþykkt með 24 gegn 11 atkv.

Fr. sp. sem lög frá alþingi með 32 gegn 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:

Nei:

Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson, þm. Rang.,
Ólafur Briem,	Guðjón Guðlaugsson,
Benedikt Sveinsson,	Guðm. Björnsson,
Bjarni Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Steingrímur Jónsson,
Björn Þorláksson,	St. Stefánss., 4. kgt.
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson, þm. N.-M.	
Eiríkur Briem,	
Guðm. Eggerz,	
Hákon Kristoffersson,	
Halldór Steinsson,	
Hannes Hafstein,	
Jón Jónatansson,	
Jón Jónsson,	
Jón Ólafsson,	
Július Havsteen,	
Kristinn Danielsson,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Magnús Kristjánsson,	

Matthias Ólafsson,  
 Sigurður Eggerz,  
 Sigurður Sigurðsson,  
 Sigurður Stefánsson,  
 Skúli Thoroddsen,  
 St. Stefánsson, l. þm. Eyf.  
 Tryggvi Bjarnason,  
 Valtýr Guðmundsson,  
 Þórarinn Jónsson,  
 Þorleifur Jónsson.

Jósef Björnsson var ekki viðstaddur.

Frumv. afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

### Þingslit.

Forseti skýrði frá störfum þingsins á þessu leið:

Alþingi 1913

hefur haft þessi mál til meðferðar:

#### A. Frumvörp:

##### 1. Stjórnarfrumvörp:

a. afgreidd sem lög	20	
b. feld	9	
c. óútrædd	1	
d. tekin aftur	4	34.

##### 2. Þingmannafrumvörp:

a. afgreidd sem lög	33	
b. frumv. til stjórnarskipunarlags samþ. í báðum deildum	1	
c. feld	12	
d. tekin aftur	4	
e. óútrædd	20	70.

#### B. Þingsályktanir

1. samþ. og afgreiddar til ráðherra	8	
2. sp., en ekki afgreiddar til ráðherra	6	
3. feldar	3	
4. óútræddar	2	19.

#### C. Fyrirspurnir bornar upp

1 1.

#### D. Rökstuddar dagskr. bornar undir atkvæði

6 6.

Að lokum ávarpaði forseti þingið á þessa leið:

Hver dómur, sem annars verður uppkveðinn um þetta þing, sem nú hefur verið háð, þá má það með sanni segja, að á því hefur verið unnið mikið, bæði í nefndum, og annars. Það liggur heldur ekki lítið eftir þingið. Fyrir utan fjárlög-in, sem sjálfsögð eru, en stöðugt taka upp meira og meira af tíma þingsins, sjerstaklega neðri deildar, þá hafa verið samþykkt mörg lagafrv., eins og sjá má af skýrslu þeirri, er jeg las upp, og sum þeirra eru mjög þýðingarmikil. Langfremst meðal þeirra verður auðvitað að telja stjórnarskipunarlagafrumvarpið. Það gerir ýmsar mjög þýðingarmiklar breytingar á stjórnarlögum vorum. Og þótt jeg búist við því, að fáir muni vera allsendis ánægðir með allar breytingarnar, þá hygg jeg, að flestir muni líta svo á, að þessi stjórnarlagabreyting sje, þegar á alt er lítið, góð stjórnararbót. Því er það trúa mín, að stjórnar-bót sú, er þetta þing hefur gert, verði samþykkt óbreytt á næsta þingi, og að þetta verk verði talið í reikningi þjóðarinnar til þingsins stór liður tekjumegin. En dómsþjóðarinnar um þetta er ekki langt að biða.

**Ráðherra:** Með því að hinn lögakveðni þingtími er liðinn, og ekki þykir ástæða til að lengja hann frekar, en gert hefur verið, þá lýsi jeg því yfir í nafni og umboði hans hátignar konungsins, að þessu 24. löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

Stóð þá upp þm. Ísaf. Sigurður Stefánsson, og mælti:

*Lengi lífi konungur vor Kristján hinn X.*

Undir þá ósk tóku allir þingmenn með niföldu húrra.

Var síðan gengið af þingi.